



# **Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja**

## **Skólaárið 2008-2009**

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

**Vor 2009**

# Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	4
2.	Tölulegar upplýsingar .....	4
3.	Fundir, fyrirlestrar og námskeið .....	5
4.	Nýjungar .....	6
	Námslínur almennrar brautar .....	6
	Ný inntökuskilyrði .....	6
	Stofnun foreldraráðs FS .....	7
	Breytingar á stoðtímum .....	7
5.	Ýmsar upptakomur .....	8
	Kynningar háskóla .....	8
	Utanlandsferðir nemenda .....	8
	Busavígslan .....	9
	Göngudagurinn .....	9
	Leiksýning .....	9
	Opinn dagur .....	9
	Þemadagar .....	9
	Starfshlaup .....	9
	Ýmsar keppnir og utanlandsferðir .....	9
	Vorferð starfsmanna .....	10
6.	Mat á skólastarfi .....	10
7.	Skýrslur sviðsstjóra .....	11
	Málasvið .....	11
	Raungreinasvið .....	11
	Samfélagssvið .....	15
	Tæknisvið .....	16
	Starfsbraut 1 .....	19
	Starfsbraut 2 .....	19
8.	Skýrsla bókasafns .....	28
9.	Skýrsla námsráðgjafa .....	30
10.	Skýrsla fornámskennara .....	35
11.	Skýrsla hjúkrunarfræðings .....	37

12. Skýrsla forvarnarfulltrúa ..... 38

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir skólaárið 2008-2009. Farið er í tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, uppákomur og nýjungar í skólasterfinu. Samantektarskýrslur sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, forvarnarfulltrúa, hjúkrunarfræðings og félagslífsfulltrúa eru hluti af skýrslunni.

Skólasterfið gekk sinn vanagang þetta ár og engar stórvægilegar breytingar voru gerðar. Á vorönn 2009 var Kristján Ásmundsson, aðstoðarskólameistari, settur skólameistari þar sem Ólafur Jón Arnbjörnsson var í leyfi, en hann vann að undirbúningi og stofnun Fisktækniskóla í Grindavík og Raungreinabúðum á Reykjanesi. Guðlaug Málfríður Pálsdóttir, áfangastjóri, var settur aðstoðarskólameistari. Elín Rut Ólafsdóttir, námsráðgjafi, og Ægir Karl Ægisson, kennari, skiptu með sér starfi áfangastjóra.

## 2. Tölulegar upplýsingar

### Haust 2008

Kennsla á haustönn hófst 22. ágúst. Nýnemar voru þó boðaðir á sérstakan nýnemadag sem haldinn var í annað sinn 19. ágúst og gekk vel. Dagskólanemendur sem hófu nám voru 1030 talsins, kvöldskólanemendur 173 og grunnskólanemendur um 180. Kvöldskólaáfangarnir voru ýmist kenndir á 7 eða 14 vikum og 10. bekkingar grunnskólanna stunduðu nám í sjö mismunandi fögum. Alls útskrifuðust 60 nemendur þann 20. desember. Starfsmenn við skólann voru 88 þessa önn, þar af 75 kennarar. Tveir nýir kennarar voru ráðnir við upphaf annar, Anna Albertsdóttir, upplýsingatæknikennari, og Ingibjörg Böðvarsdóttir, spænsku- og listgreinakennari. Hrönn Arnardóttir, íslenskukennari, hætti og Starkaður Barkarson tók við af henni. Þá fór Ingunn Gylfadóttir, dönskukennari, í fæðingarorlof. Fjórir aðrir starfsmenn voru ráðnir, þau Brynjólfur Nikulásason, umsjónarmaður fasteigna, Hansína Guðmundsdóttir á skrifstofu og stuðningsfulltrúarnir Daniella Hólm Gísladóttir og Snjólaug Þorsteinsdóttir. Verktakafyrirtæki sáu um ræstingu og mötuneyti eins og undanfarin ár.

### Vor 2009

Skólasterf hófst á vorönn með töfluafhendingu 5. janúar. Kennsla hófst svo 7. janúar. Á önninni voru um 1000 nemendur í dagskóla, um 150 í kvöldskóla og um 170 grunnskólanemendur í einstökum áföngum í skólanum. Alls útskrifuðust 82 nemendur þann 23. maí. Starfsmenn við skólann voru 88 þessa önn, þar af 75 kennarar. Einn nýr kennari var ráðinn við upphaf annar, Ágúst Eiríksson vélstjórnarkennari, auk þriggja kennara í hlutastarf, Ásdís Pálmadóttir, hársnyrtikennari, Drífa Gunnarsdóttir, íslenskukennari og Þórdís Þormóðsdóttir, kennari á skólaliðabraut. Ívar Valbergsson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir

komu aftur til starfa á vordögum eftir feðra- og mæðraorlof. Verktakafyrirtæki sáu um ræstingu og mötuneyti líkt og verið hefur.

### **3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið**

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Þá fóru stjórnendur á reglulega fundi hjá Félagi framhaldsskóla og með stjórnendum þriggja samstarfsskóla FS: FSU, FVA og FSN. Á vorönn dró FSN sig út úr því samstarfi þar sem forsendur höfðu breyst í ljósi nýrra framhaldsskólalaga auk þess sem skólameistarinn hafði ráðið sig til annarra starfa.

#### Haust 2008

Haustönn hófst með sóknardögum kennara þar sem Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Intercultural Iceland, kom í heimsókn og hélt fyrirlestur um fjölmenningslega kennslu. Í framhaldi af þeim fyrirlestri hélt hún þriggja daga námskeið í skólanum um CLIM kennsluaðferðina sem fellur undir fjölmenningslega kennsluhætti. Var þetta í fyrsta skipti sem hún hélt þetta námskeið fyrir íslenska framhaldsskólakennara því hingað til hefur það einskorðast við grunnskólana. Námskeiðið gekk mjög vel og voru þátttakendur ánægðir með það. Guðrún hefur síðan boðið kennurum sem voru á námskeiðinu að taka þátt í Leonardó verkefni ásamt nokkrum evrópskum stofnunum og skólum, sem gengur út á að finna leiðir til að draga úr brottfalli í framhaldsskólum.

Í byrjun september héldu stjórnendur skólans, utan skólameistara, á árlega ESHA ráðstefnu fyrir stjórnendur framhaldsskóla í Evrópu sem haldin var í Kaupmannahöfn að þessu sinni. Á sama tíma fóru Þórunn Svava Róbertsdóttir og Ásta Birna Ólafsdóttir, kennarar á starfsbraut, til Árósa á vikulangt námskeið í sértækum kennsluaðferðum sem henta meðal annars nemendum á starfsbraut. Gunnar Valdimarsson og Svava Jóhannesdóttir, kennarar í húsasmíði og hárgreiðslu, fóru til Rotterdam í lok september til að fylgjast með Evrópukeppni starfsgreina þar sem keppt er í fjölmörgum greinum. Þá fóru Ólafur Jón skólameistari og Elísabet Karlsdóttir, umsjónarmaður kvöldskólans, til Litháen í október á ráðstefnu um fullorðinsfræðslu.

Í byrjun október kom Sölvi Sveinsson, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, á fund með kennurum til að ræða um það ferli sem fer í gang í framhaldsskólunum í kjölfar nýrra framhaldsskólalaga. Aðalheiður Steingrimsdóttir frá KÍ hafði komið um miðjan september til að ræða við kennara um sýn Kennarasambandsins á nýju lögin. Í byrjun nóvember fóru stjórnendur á námskeið sem Félag framhaldsskóla hélt í Keflavík fyrir stjórnendur framhaldsskóla af öllu landinu. Þar var meðal annars fjallað um jafningjastjórnun og samskiptafærni. Í byrjun desember kom lögfræðingur frá Persónuvernd og hélt fyrirlestur fyrir stjórnendur, sviðsstjóra og aðra starfsmenn utan kennara um geymslu á persónugreinanlegum upplýsingum og fleira er tengist persónuvernd.

Mikil vinna tengd innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga fór fram innan skólans á haustönninni en kennarar hafa verið í markvissri hugmyndavinnu, meðal annars varðandi inntökuskilyrði, nýjar brautir, innihaldslýsingar áfanga og fleira þessu tengdu. Sú vinna hélt áfram á vorönn. Þrjú kennarar fóru í vinnuhópa á vegum menntamálaráðuneytisins við skipulagningu námskráa í einstökum greinum. Skólinn var líka í samstarfi við grunnskólana á svæðinu, meðal annars við að móta inntökuskilyrði í skólann þar sem að fyrirkomulagi samræmdra prófa hefur verið breytt.

#### Vor 2009

Önnin hófst með sóknardögum kennara og 5. janúar kom Sigrún Harðardóttir, námsráðgjafi og kennari, í heimsókn og hélt fyrirlestur fyrir kennara um nám nemenda með ADHD. Síðar í janúar fór Sturla Bragason, kerfisstjóri, á upplýsingatækniráðstefnuna Bett sem haldin er á hverju ári í London, en hann hefur verið fastagestur þar síðustu ár. Þann 12. mars fengu starfsmenn skólans heimsókn frá Vinnuvernd en Eggert Birgisson, sálfræðingur, kom og hélt fyrirlestur um streitu í starfi og leiðir til að draga úr henni. Sr. Skúli S. Ólafsson, prestur í Keflavíkirkirkju, kom á fund með kennurum í lok mars og hélt fyrirlestur um viðbrögð kennara við áföllum í nemendahópnum. Gerður var góður rómur að. Í lok annarinnar var haldinn fundur með öllu starfsfólki skólans þar sem ræddar voru ýmsar leiðir til að spara í rekstrinum. Markmiðið með fundinum var að fá fram sem flestar hugmyndir frá öllum starfsmönnum skólans. Í framhaldi fóru tveir af starfsmönnum skólans á sameiginlegan fund með fulltrúum fleiri framhaldsskóla á landinu til að ræða og bera saman hugmyndirnar sem komu fram hjá hverjum skóla.

## **4. Nýjungar**

### **Námslínur almennrar brautar**

Haustið 2008 var í fyrsta skipti boðið upp á fimm námslínur innan almennrar brautar sem nemendur hafa frjálst val um eftir áhugasviði. Línurnar eru eftirfarandi: bóknámslína, listnámslína, tölvulína, verknámslína og íþrótt- og heilbrigðislína. Almennri braut fornámi var skipt upp á svipaðan hátt. Þetta var gert til þess koma til móts við áhugasvið nemenda og reyna þannig að draga úr brottfalli. Einnig var sett upp grunndeild málm- og véltæknigreina sem átti að laða fólk að þeim tveimur brautum.

### **Ný inntökuskilyrði**

Skólastjórnendur og námsráðgjafar í FS hittu stjórnendur og námsráðgjafa grunnskólanna á svæðinu á fundi á önninni til að ræða tillögur að nýjum inntökuskilyrðum í ljósi nýrra framhaldsskólalaga. Í framhaldi af þeim fundi var stofnuð nefnd skipuð nokkrum úr þessum stóra hópi sem settu inntökuskilyrðin endanlega saman og kynntu þau fyrir stjórnendum og kennurum skólanna. Ný inntökuskilyrði má skoða á heimasíðu skólans.

## Stofnun foreldraráðs FS

Um miðjan mars var haldinn undirbúningsfundur að stofnun foreldraráðs FS. Foreldrar voru boðaðir á fundinn og þar var skipuð nefnd sem mun sjá um undirbúning að stofnun ráðsins, en gert er ráð fyrir að það hefji störf í byrjun haustannar 2009.

## Breytingar á stoðtímum

Vorið 2008 var gerð breyting á tímasetningu stoðtímanna, en þeir voru færðir frá hádegi til kl. 10:10. Nemendur fara þá í eina kennslustund á milli stoðsins og hádegismatsins. Á sama tíma voru kennarar beðnir um að láta þá nemendur sem mæta í stoð skrá sig í þar til gerða möppu. Síðan breytingin var gerð hefur mæting í stoð verið talin eftir 6. kennsluviku og svo aftur eftir 12. kennsluviku á hverri önn. Talningu síðustu tvær annir má sjá hér fyrir neðan. Mæting þessar tvær annir hefur aukist frá því byrjað var að fylgjast með þessu vorið 2008.

### Haust 2008

#### Mæting í stoð í 6. viku

		Samtals
29.september	Mánudagur	57
30.september	Þriðjudagur	39
1.október	Miðvikudagur	44
2.október	Fimmtudagur	65
<b>Samtals</b>		<b>205</b>

### Vor 2009

#### Mæting í stoð í 6. viku

		Samtals
9.febrúar	Mánudagur	44
10.febrúar	Þriðjudagur	46
11.febrúar	Miðvikudagur	56
12.febrúar	Fimmtudagur	56
<b>Samtals</b>		<b>202</b>

#### Mæting í stoð í 12. viku

		Samtals
10.nóvember	Mánudagur	57
11.nóvember	Þriðjudagur	47
12.nóvember	Miðvikudagur	58
13.nóvember	Fimmtudagur	42
<b>Samtals</b>		<b>204</b>

#### Mæting í stoð í 12. viku

		Samtals
30.mars	Mánudagur	31
31.mars	Þriðjudagur	59
1.apríl	Miðvikudagur	40
2.apríl	Fimmtudagur	21
<b>Samtals</b>		<b>151</b>

Í lok annar var sú tillaga borin upp á fundi stjórnenda að færa stoðtímann aftur fyrir hádegi þannig að stoðið myndi þá hefjast um kl. 13:40. Rökin fyrir þessari hugmynd voru að tíminn fyrir hádegi væri best nýttur til kennslu og því betra fyrir nemendur að mæta í stoð eftir hádegi, en þó ekki aðliggjandi hádeginu. Tillagan var rædd á síðasta kennarafundi annarinnar og ljóst að skiptar skoðanir eru um málið þar sem einhverjir vilja fara aftur í fyrirkomulagið sem var áður, þegar stoðtíminn var aðliggjandi hádegismatnum. Ákveðið var að leggja fyrir stutta skoðanakönnun meðal kennara á síðasta sviðsfundi annarinnar. Niðurstöður þeirrar könnunar eru hér fyrir neðan.

	Fjöldi	Hlutfall
Fyrir hádegi	9	16,7%
Eftir hádegi	14	25,9%
Aðliggjandi-fyrir	8	14,8%
Aðliggjandi-eftir	21	38,9%
Annað	2	3,7%
Samtals	54	100,0%

Meirihluti kennara vill hafa stoðtímann aðliggjandi hádegismat. Kennarar höfðu tækifæri til að rökstyðja val sitt á tímasetningu og komu ýmsar athugasemdir fram. Sumir óttast það að nemendur skrópi í síðustu tímum dagsins verði stoðið fært til kl. 13:40 og telja því hentuga að hafa það aðliggjandi hádegismatnum. Öðrum finnst mæting í stoð góð með núverandi fyrirkomulagi og finnst því óþarfi að gera breytingar.

## 5. Ýmsar upptakomur

### Kynningar háskóla

Á hverri önn halda ýmsir háskólar og stofnanir kynningar fyrir útskriftarnemendur skólans. Nú á vorönn komu meðal annars fulltrúar frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Akureyri, Atvinnulífsháskólanum í Esbjerg í Danmörku, Vinnumálastofnun og Alþjóðlegum ungmennaskiptum (AUS) í heimsókn.

### Haut 2008

#### Utanlandsferðir nemenda

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) stóð fyrir ungmennaráðstefnu í Vínarborg 5.-7. júlí 2008 þar sem nemendur á framhaldskólaaldri frá 30 löndum komu saman og æfðu sig í að halda ráðstefnu. Sendiráðið í Vínarborg sneri sér til nokkurra þekktra íslenskra framhaldsskóla til að athuga hvort áhugi væri fyrir því að senda nemendur á ráðstefnuna. Ólafur Jón skólameistari fyrir hönd Fjölbrautaskóla Suðurnesja sýndi mikinn áhuga og snögg viðbrögð og hrepptum við tækifærið til að vera fulltrúar Íslands. Ægir Karl Ægisson, kennari, valdi þrjá nemendur til fararinnar, þau Önnu Rún, Gunnar Hörð og Guðmund Viktorsson. Þau urðu að kynna sér starfsemi ÖSE og æfa sig í að leysa alþjóðleg vandamál. Lið hverrar þjóðar lék sendinefnd frá öðru ríki og var íslenska liðið sendinefnd Grikklands en sendinefnd Íslands var leikin af Úkraínu. Það voru Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Styrktarsjóður Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Sendiráð Íslands í Vín og ÖSE sem stóðu að þessari ferð sem var nemendum að kostnaðarlausu. Við fengum góða umsögn frá þeim sem stóðu að ráðstefnunni, bæði hvernig við stóðum að undirbúningi og þátttöku í ráðstefnunni.



## **Busavígslan**

Nýnemar voru vígðir 28. ágúst og gekk það fyrir sig á hefðbundinn hátt, busarnir voru merktir um morguninn og settar ákveðnar umgengnisreglur. Síðan var marsað í lögreglufylgd niður að 88-húsi þar sem krakkarnir fengu lýsissopa og slímugan koss frá þorski. Þar aðstoðaði Slökkvilið bæjarins við að baða busana. Eftir þrautagönguna töldust þeir komnir í eldri nemenda tölu. Í lokinn var síðan boðið uppá pítsuveislu.

## **Göngudagurinn**

Þann 9. september héldu rúmlega 500 nemendur og starfsfólk skólans af stað í göngu. Ekið var áleiðis að Selatöngum þar sem farið var í gönguferð og síðan grillað og farið í leiki á eftir. Ekki leit út fyrir að af göngudeginum yrði þar sem veður var búið að vera leiðinlegt. Það rættist þó úr og dagurinn tókst mjög vel.

## **Leiksýning**

Í lok október kom Þjóðleikhúsið í heimsókn til okkar með farandsýninguna Sá ljóti. Yfir 200 nemendur mættu á sýninguna sem flestum fannst bæði áhugaverð og skemmtileg.

## **Opinn dagur**

Laugardaginn 1. nóvember var haldinn opinn dagur í skólanum. Þá gafst foreldrum og öðrum gestum tækifæri til að skoða skólann og fylgjast með kennslu. Boðið var upp á ýmsar skemmtilegar upptökur auk hefðbundinnar kennslu. Dagurinn tókst vel.

## Vor 2009

## **Þemadagar**

Þemadagar voru haldnir 25. -27. febrúar og var þemað Hreyfing og útivist. Þemadaganefnd var skipuð að hausti og í henni voru fimm kennarar og kennslustjóri sem var tengiliður við stjórnendur auk tveggja nemenda. Dagarnir gengu vel í alla staði og var almenn ánægja með dagskrána á meðal nemenda og kennara. Þá var mæting góð. Gömul hefð var endurvakin í lok þemadaganna, svokallað Flödeskum sem er skemmtikvöld nemenda og kennara. Tókst það mjög vel og var mæting vonum framar. Boðið var upp á ýmis skemmtiatriði bæði frá kennurum og nemendum og sá útskriftaraðall um að baka vöflur með þeyttum rjóma og hita súkkulaði sem hann seldi á vægu verði. Þemadaganefnd tók saman ítarlega skýrslu um framkvæmd þemadaganna fyrir næstu nefnd.

## **Starfshlaup**

Gunnar Magnús Jónsson og Guðbrandur Jóhann Stefánsson, íþróttakennarar, sáu um skipulagningu starfshlaupsins að þessu sinni og var það haldið föstudaginn 3. apríl. Það gekk í alla staði vel og boðið var upp á ýmsar nýjungar. Appelsínugula liðið sigraði eftir harða keppni. Skipuleggjendurnir tóku saman skýrslu fyrir skipuleggjendur hlaupsins að ári.

## **Ýmsar keppnir og utanlandsferðir**

Nemendur skólans stóðu sig sérstaklega vel í þeim keppnum sem þeir tóku þátt í þessa önn. Morfís lið skólans keppti til úrslita við Verslunarskólann en beið ósigurs með mjög litlum

stigamun. Þá komst Gettu betur lið skólans í 8 liða úrslit í sjónvarpinu og keppti þar við Menntaskólann við Hamrahlíð sem sigraði þá viðureign. Sigtryggur Kjartansson komst í úrslit í Landskeppni í efnafræði og bar sigur úr býtum. Í framhaldi verður hann einn fjögurra fulltrúa Íslands á Alþjóðlegu Ólympíuleikunum í efnafræði sem haldnir verða í Cambridge, Englandi, dagana 18.-27. júlí. Hann komst einnig í úrslit í Þýskubraut Félags þýskukennara og í úrslit í Landskeppninni í eðlisfræði. Hann var sæmdur Silfurmerki skólans á útskriftarathöfn vorannar. Þá stóðu nemendur skólans sig vel í ýmsum íþróttakeppnum og sigraði stúlknaðið skólans í körfubolta- og fótboltamóti sem haldið var meðal framhaldsskólanna.

Í lok apríl fóru tveir útskriftarnemendur af sjúkraliðabraut til Helsinki þar sem þeir tóku þátt í tveggja vikna námskeiði sem bar heitið „Fjölskylduhjúkrun á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum. Þá eru átta nemendur á leið til Slóvakíu í sumar ásamt tveimur kennurum, þeim Ásu og Þorbjörgu, þar sem þeir taka þátt í þróunarverkefni með þarlandum framhaldsskóla. Tilgangurinn með verkefninu er að auka þekkingu kennara og nemenda í tungumálum og upplýsingatækni í gegnum vinnu við margmiðlunarorðabók fyrir heilbrigðisstarfsmenn á íslensku, slóvakísku og ensku sem samstarfsaðilar vinna að saman. Slóvakarnir munu síðan koma til okkar í september. Verkefnið er fjármagnað af þróunarsjóði EES og stuðningssjóði sem er á vegum Norðmanna sem styður við menntaverkefni.

### **Vorferð starfsmanna**

Í lok hvers skólaárs fara starfsmenn saman í vorferð. Að þessu sinni var farið dagana 25.-26. maí. Byrjað var á að skoða Landnámssýninguna 871+/-2. Síðan var haldið í sumarbústað í Þrastaskógi til að fá sér hressingu. Að lokinni bjórsmökkun hjá bruggverksmiðjunni Ölver var keyrt að Hellishólum þar sem starfsfólk snæddi kvöldverð og gisti.

## **6. Mat á skólastarfi**

Sjálfsmatshópur skólans hefur verið óbreyttur síðustu annir, en hann er skipaður þremur kennurum af ólíkum sviðum, kennslustjóra sem heldur utan um sjálfsmat skólans og aðstoðarskólameistara. Hópurinn hittist reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn eins og til dæmis brottfall í áföngum og kennslumat. Þá er staða eigna tekin út á hverri vorönn. Á haustönn gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmati skólans og uppfyllir skólinn viðmið ráðuneytis um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.

### Haust 2008

Gerð var könnun á viðhorfum nemenda til annarra starfsmanna en kennara (námsráðgjafa, mætingastjóra, starfsfólk bókasafns og skrifstofu, tölvuumsjónarmenn, hjúkrunarfræðing,

forvarnarfulltrúa, áfangastjóra og kennslustjóra). Alls svöruðu 555 nemendur könnuninni. Að lokinni úrvinnslu fór starfsfólkið í starfsmannaviðtal til skólameistara þar sem niðurstöðurnar voru ræddar. Kennslumat var framkvæmt eins og venja er og tóku 18 kennarar þátt að þessu sinni. Fóru þeir í starfsmannaviðtöl til skólameistara eða aðstoðarskólameistara (Ólafur Jón og Kristján) í framhaldi til að ræða niðurstöðurnar.

#### Vor 2009

Á vorönn var gerð könnun á líðan kennara og tóku 54 þátt. Sama könnun var síðast lögð fyrir vorið 2006 og eru niðurstöður sambærilegar. Matsnefnd tók saman skýrslu og gerði úrbótaáætlun vegna könnunarinnar og er hún starfsfólki aðgengileg á innra neti skólans. Þá var gerð könnun á móttöku nýrra starfsmanna en sú könnun var einnig lögð fyrir vorið 2006. Að þessu sinni hefði svörun mátt vera betri. Alls tóku 19 kennarar þátt í kennslumati sem framkvæmt er á hverri önn og var úrvinnslu lokið áður en próf hófust. Kennararnir fara í starfsmannaviðtal ýmist til skólameistara eða aðstoðarskólameistara (Kristján og Guðlaug) í framhaldi til að ræða niðurstöðurnar. Á önninni átti að kanna gengi nýbúa í skólanum en þeirri könnun var frestað.

## **7. Skýrslur sviðsstjóra**

### **Málasvið**

Á haustönninni kenndu eftirtalin á málasviði:

Danska: Anna Albertsdóttir, Guðmundur Ingi Jónsson, Ingunn Gyldfadóttir, Rakel Linda Gunnarsdóttir og Rósa Sigurðardóttir sem var deildarstjóri. Sú breyting varð á önninni að Ingunn fór í barnsburðarleyfi og Guðmundur Ingi tók við hennar kennslu.

Enska: Axel Sigurbjörnsson, Einar Arason, Elísabet Karlsdóttir, Karen Arason, Sara Harðardóttir, sem var deildarstjóri, og Veska Andrea Jónsdóttir.

Franska: Jórunn Tómasdóttir.

Íslenska: Anna Karlsdóttir Taylor, Einar Arason, Hrönn Arnarsdóttir, Hulda Egilsdóttir, sem var deildarstjóri, Jórunn Tómasdóttir, Rakel Linda Gunnarsdóttir og Þorvaldur Sigurðsson. Sú breyting varð á önninni að Hrönn Arnarsdóttir lét af störfum og tók Starkaður Barkarson við af henni.

Spænska: Einar Trausti Óskarsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Þýska: Guðbjörg Jónsdóttir og Veska Andrea Jónsdóttir.

Þær breytingar urðu til vorannar að Drífa Gunnarsdóttir kom inn sem stundakennari í íslensku. Þá sneri Marta Guðrún Jóhannesdóttir íslenskukennari til baka úr barnsburðarleyfi í byrjun maí. Þá má og geta þess að Krístrún Guðmundsdóttir íslenskukennari var í leyfi þetta skólaár en snýr til baka með haustinu. Er öllu þessu ágæta fólki þakkað gott samstarf á árinu.

## Kennsla

Á haustönn voru alls 495 kennslustundir á viku í tungumálum sem skiptust þannig:

- Danska 84
- Enska 150
- Franska 12
- Íslenska 177
- Spænska 48
- Þýska 24

Á vorönn urðu kennslustundirnar 480 og skiptust þannig:

- Danska 84
- Enska 138
- Franska 12
- Íslenska 174
- Spænska 48
- Þýska 24

Eins og sjá má á franskan undir högg að sækja og er staða hennar áhyggjuefni. Ekki voru gerðar tilraunir með að kenna önnur tungumál þetta skólaárið en rússneska sem kennd var á síðasta ári fékk ekki næga aðsókn til að unnt væri að halda uppi kennslu í henni.

## Sviðsfundir

Helsti vettvangur sviðsins fyrir faglega umræðu voru sviðsfundir sem voru haldnir reglulega. Þar var, auk venjubundinna afgreiðslumála, haldið uppi öflugri umræðu um þau mál sem helst brunnu á málavíðslíðum. Talsverð umræða var þetta skólaárið um metnað nemenda, eða skort á honum, og hverjar leiðir væru færar til úrbóta. Komu fram margar hugmyndir og ágætar þar að lútandi. Sömuleiðis var talsvert rætt hvernig koma mætti til móts við þá sem minna mættu sín í nemendahópnum. Meðal hugmynda sem að því snúa má nefna eina sem lýtur að því að í ensku og íslensku yrði hægferð haldið áfram þegar grunnáföngum lyki þannig að til yrði t.d. Ísl 302, 402, 502 og 602.

Þá sögðu kennarar frá ýmsum kennsluaðferðum sem þeir höfðu reynt og töldu hafa heppnast vel. Þannig höfðu sumir reynt það sem kallaðist hermikrákuleikur til að ná til byrjenda sem sameinaði leik og upprifjun. Þá höfðu menn reynt að komast framhjá því að nemendur skoði aðeins einkunnir fyrir verkefni en líti ekkert til athugasemda, þannig að

lærdómsgildi þeirra verður takmarkað, með því að gera nemendum að skila hverju verkefni eða ritgerð tvisvar með endurskoðun í samræmi við athugasemdir. Töldu sumir þetta hafa gefist vel en aðrir miður. Þá voru allmargir þeirrar skoðunar að leggja þyrfti meiri áherslu á námstæknikennslu og sömuleiðis það að allir eiga nemendur sínar sterku hliðar og þyrftu kennarar að einbeita sér að því að finna þær og vinna síðan frá þeim grundvelli. Það er alltént ljóst að á síðustu árum hefur nemendahópurinn breikkað mjög með hækkandi hundraðshluta þeirra sem í framhaldsskóla fara. Þótt lokamarkmið námsins þurfi ekki að færast til er ljóst að ekki komast allir sömu leiðirnar að þeim. Sumir eru spretthlauparar, aðrir langhlauparar og enn aðrir þurfa að notast við hækjur. Því verður að finna leiðir sem henta öllum.

Einar Trausti Óskarsson lýsti á sviðsfundi spænskukennsluvef sem hann hefur í smíðum og hyggst taka í notkun á vetri komanda. Leist mönnum vel á framtakið og hlakka til að fylgjast með árangrinum.

Þýskudeildin tók upp nýjar kennslubækur í fyrsta áfanganum sem lofuðu góðu.

### **Lokaorð**

Á málasviði er haldið uppi faglegu og metnaðarfullu starfi með prýðilegu starfsfólki sem leggur sig fram um að standa í stöðu sinni, fylgjast með í kennslugrein sinni og sinna nemendum af alúð og árvekni. Er það einlæg von sviðsstjórans um það megi segja eins og Erling Skjálgsson, að breyttu breytanda: „Öllum komu þau til nokkurs þroska.“

Þorvaldur Sigurðsson, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.

### **Raungreinasvið**

Kennarar á raungreinasviði eru:

- Ása V. Einarsdóttir - heilbrigðisgreinar
- Bergþór Haukdal Jónsson - stæ
- Daníel Galves - stæ
- Guðmundur G. Karlsson - efn, stæ
- Guðmundur Ingi Jónsson - stæ
- Gunnlaugur Sigurðsson - stæ
- Harpa K. Einarsdóttir - líf, nát
- Haukur V. Ægisson - líf, nát, stæ
- Magnús Ó. Ingvarsson - stæ
- Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir - eðl
- Ragnheiður Gunnarsdóttir - stæ

- Sigrún E Jónsdóttir - stæ
- Sólveig Björk Granz - heilbrigðisgreinar
- Ægir Sigurðsson - jar, lan

Það má segja að starfið í raungreinadeildinni hafi gengið vel í vetur. Góður starfsandi var hjá kennurum deildarinnar og samstarf þeirra þar sem það á við með ágætum. Sviðsfundir gengu vel og oft sköpuðust ágætar umræður um ýmis mál er varða bættu kennslu og fleira sem stuðlar að uppbyggingu raungreina við skólann. Þá var umræðan um væntanleg lög um framhaldsskóla fyrirferðarmikil og er ýmislegt órætt í þeim efnum. Einnig var mikið rætt um brottfall og leiðir til að minnka það, ekki síst nú þegar afar mikilvægt er að halda sem flestum í skólanum. Það var nokkuð almenn skoðun að mætingar hefðu verið með slakara móti og ástundun einnig því yfirleitt helst þetta í hendur. Dæmi um þetta er sjúkraliðabrautin þar sem kennarar fundu fyrir þessu í vaxandi mæli eftir því sem leið á veturinn.

Sjúkraliðahópurinn fór svo í vettvangsferðir og á vorönn komu gestir frá Líffæraflutningadeild LSH og Félagsþjónustu Reykjanesbæjar og kynntu starfsemi sína fyrir nemendum. Í eðlisfræðinni voru nemendur heldur slakari í byrjunaráfanganum en oft áður og hinir blandaðir. Í eðlisfræði hefur kennarinn ákveðið að taka saman námsefni fyrir EÐL 103 vegna þess að eftir fall krónunnar er bókin orðin svo dýr að ekki verður við unað. Efri áfangar halda síðan áfram með sömu bók og áður. Tilraun var gerð með heimapróf í eðlisfræði og gekk það nokkuð vel og verða gerðar frekari tilraunir með það næsta vetur. Í NÁT hefur áfram verið blandað símati og prófum en ekki er hægt að sjá mun á brottfalli í áföngum með símat eða próf.

Í stærðfræðinni urðu kennarar einnig varir við slakari mætingu en áður en þó var það misjafnt. Í STÆ 403 voru tveir hópar og mættu þeir ágætlega og sérstaklega annar þeirra. Í áföngum á almennu brautinni voru mætingar slakar og árangur misjafn eftir því. Í STÆ 202 var uppi sú staða að í einum hópnum var allnokkur hópur eldri nemenda sem komu inn eftir nokkurt hlé. Þessi hópur mætti afar illa og hafði mjög vond áhrif á hina yngri sem voru með þeim. Þetta er umhugsunarefni og spurning hvort hægt sé að raða öðruvísi í hópa með tilliti til þessa. Það er mikilvægt að reyna að hafa námsframboð eins fjölbreytt og hægt er og bjóða upp á sambærilegt nám og aðrir framhaldsskólar. Með þessu aukast líkur á því að krækja í bestu nemendurnar. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á efstu áfangana í stærðfræði og raungreinum þó svo að það þurfi að kosta einhverju til meðan verið er að festa þá í sessi. Það kemur okkur til góða seinna.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri raungreinasviðs, tók saman.

## Samfélagssvið

**Kennarar á sviði:** Atli Þorsteinsson, Ásta Birna Ólafsdóttir, Ásta Katrín Helgadóttir, Elín Þuríður Samúelsdóttir, Elísabet Karlsdóttir, Guðbjörg Kristín Jónatansdóttir, Guðbrandur Jóhann Stefánsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Magnús Jónsson, Hlynur Ómar Svavarsson, Hörður Ragnarsson, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Kolbrún Marelsdóttir, Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, Sigrún Eugenio Jónsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir, Þórunn Friðriksdóttir, Þórunn Svava Róbertsdóttir, Ægir Karl Ægisson.

**Greinar sem falla undir sviðið:** Félagsgreinar, samfélagsfræði, viðskiptagreinar, íþróttir og tölvugreinar.

### Sviðsfundir

Viðfangsefni sviðsfunda þetta árið voru fjölbreytt og komu ýmis mál til umræðu, bæði ný og eldri mál sem áður hafa verið í umræðunni. Fyrsti fundur haustannar var 20. ágúst og var farið yfir hefðbundin mál í upphafi annar svo sem skil á kennsluáætlunum og gerð fjárhagsáætlunar. Þegar líða tók á önnina var ljóst að það mál sem yrði efst á baugi væru ný lög um framhaldsskóla og breytingar sem kæmu til með að fylgja í kjölfarið á þeim á öllu skólastarfi. Nokkrir fundir voru teknir í þessa umræðu og var helsta niðurstaða þeirra að kennarar kynntu sér nýjar hugmyndir um hlutverk nemenda og kennara samkvæmt nýjum lögum. Einnig var rætt um nýjar einingar og breytingar á lengd stúdentsprófs ásamt því að einn fundur var tekin í hugmyndavinnu um nýjar námsbrautir.

Nokkuð er um próflausa áfanga í skólanum og var rætt um hvort að það ættu að vera samræmdar reglur um svoleiðis áfanga. Sitt sýndist hverjum í þessari umræðu og var niðurstaðan að fögin væru það ólík að erfitt væri að hafa sömu reglur um alla áfanga, kom fram að í sumum áföngum skiluðu nemendur ýmsum verkefnum til kennara sem væri hægt að meta en í öðrum gildi mæting og það sem ætti sér stað í tímanum sem námsmat.

Á þessu ári urðu þær breytingar á stoðtíma að hann var færður fyrr á daginn og á vorönn var nokkur umræða um hvernig til hefði tekist. Voru margir ósáttir við að taka svo góðan kennslutíma undir stoð sem aðeins nýttist hluta af nemendum. Þetta árið hefur kennurum verið uppálagt að skrá mætingar nemenda í stoð svo hægt sé að meta hvernig nýting nemenda er á því.

Nokkur umræða skapaðist á sviðinu um reykingar og munntóbak. Íþróttakennarar verða mjög varir við það vandamál sem skapast þegar nemendur reykja við Íþróttahúsið. Telja þeir að með því að ýta nemendum frá skólanum með reykingar þá sé búið að færa til vandamálið, ýta því á Íþróttahúsið þar sem reykurinn leggur inn í þreksal og einnig í stóra salinn.

Á vorönn var tekin upp sú nýbreytni að nýta hluta af fundartíma annarinnar undir námskeið og stóð kennurum til boða að velja á milli fjögurra mismunandi námskeiða, þau

námskeið sem boðið var upp á voru LXR, tölvunámskeið, lasernámskeið og námskeið í nýjum kennsluaðferðum.

Kennarar tóku þátt í könnun innan skólans á líðan kennara og virðist, samkvæmt niðurstöðum hennar, að kennurum líði almennt vel innann skólans og séu sáttir við sitt námsumhverfi.

Starfsmenn á samfélagssviði skiptust á að koma með veitingar á sviðsfundi og hefur það fyrirkomulag gefist vel og skapað góðan anda á fundum.

### **Innkaup og fjárveitingar á samfélagssviði**

Keypt voru tvö landakort til sögukennslu og voru þau sett á kortabraut í stofu 222. Einnig voru keyptar bækur og mynddiskar með fræðsluefni í flestum greinum á sviðinu og eru kennarar meðvitaðir um að fylgjast með því nýjasta á sínu sviði. Fyrir íþróttagreinar voru keyptir púlsmælar og GPS tæki ásamt því að endurnýja boltæign skólans. Sú deild sem var einna kostnaðarsömumust á þessu sviði var starfsbraut en þar kom til kostnaður við ferðir og ýmsa tyllidaga svo sem opinn dag, litlu jól, vorferð og fleira. Einnig var einhver rútukostnaður vegna ferða hjá íþróttááföngum og stuttmyndakeppni starfsbrauta.

Ýmislegt fleira var gert á árinu en hér hefur aðeins verið komið inn á það sem stóð upp úr.

Guðbjörg Jónatansdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.

### **Tæknisvið**

Skólaárið hófst þann 20. ágúst með hefðbundnu sniði. Vorönnin hófst þann 5. janúar. Kennarar á tæknisviði voru 16, þar af tveir stundakennarar.

#### **Kennarar:**

- Ólafur Sigurðsson rafiðnaðargreinar
- Garðar Þór Garðarsson rafiðnaðargreinar
- Hildur Skúladóttir rafiðnaðargreinar og tölvugreinar
- Gunnar Valdimarsson húsasmíðagreinar
- Viggó Benediktsson húsasmíðagreinar
- Leifur Ísaksson húsasmíðagreinar
- Björn Sturlaugsson húsasmíðagreinar og listgreinar
- Íris Jónsdóttir listgreinar
- Bragi Einarsson listgreinar
- Ingibjörg Böðvarsdóttir listgreinar
- Ívar Valbergsson vél-og málmsmíðagreinar



- Jónas Ármannsson vél og málsmíðagreinar
- Ágúst Eiríksson vél og málsmíðagreinar
- Svava Jóhannesdóttir hársnyrtigreinar
- Ásdís Pálmadóttir hársnyrtigreinar
- Lárus Pálmason netagerðargreinar
- Katrín Sigurðardóttir fata- og textílgreinar
- Hanna Vilhjálmsdóttir fata- og textílgreinar

Ívar Valbergsson var í fæðingarorlofi á vorönninni og þá var það Ágúst Eiríksson sem leysti hann af, Ívar mætti aftur til starfa í apríl að loknu orlofi. Hanna Vilhjálmsdóttir var í hlutastarfi bæði á haustönn og vorönn. Ásdís Pálmadóttir var í hlutastarfi á vorönn. Sumir kennararnir voru einnig í kennslu á öðrum sviðum innan skólans.

### **Sviðsfundir**

Sviðsfundir voru 10 á skólaárinu, 5 á hvorri önn. Á langflestum fundunum fór fram að hluta til umræða um nýju framhaldsskólalögin og kennarar voru að undirbúa sig fyrir það sem koma skal og kennarar einkar jákvæðir í þeirri vinnu. Einnig voru mætingarreglur í próflausum áföngum mikið til umræðu og mjög skiptar skoðanir á því. Könnun á líðan kennara var lögð fyrir og langflestum líður mjög vel á vinnustaðnum. Einnig fóru kennarar á námsskeið í fundartímum og voru fjögur námsskeið í boði: LXR, tölvunámsskeið, lasernámsskeið, og námsskeið í nýjum kennsluaðferðum.

Hér fyrir neðan verða tilgreindar nokkrar bókanir á sviðsfundum.

### **Sviðsfundur 4. september**

- Lárus Pálmason var kosinn fulltrúi tæknisviðs í undirbúningsnefnd fyrir opna daginn sem verður 1. nóvember.
- Bragi Einarsson var kosinn fulltrúi tæknisviðs í undirbúningsnefnd fyrir þemadaga 25.-27. febrúar.
- Leifur Ísaksson var fulltrúi tæknisviðs á menntaþingi þann 12. september.
- Svava Jóhannesdóttir og Gunnar Valdimarsson segja frá ferð þeirra til Amsterdam að fylgjast með Evrópukeppni starfsgreina í október.

### **Sviðsfundur 13. nóvember**

Sviðstjóri athugaði viðhorf kennara til þess að leyfa nemendum að yfirgefa prófstofu 1 klst. eftir að próf hæfist en hvert próf er 1 ½ klst. Nemendur hafa haft þann möguleika að geta sótt um lengri próftíma (hálf tíma lengri) ef um sérstaka örðugleika er að ræða t.d. lesblinda. Sviðsstjóri athugar viðhorf hjá kennurum um að leyfa öllum nemendum að sitja í tvær klst. í prófum án þess að það sé sérstaklega sótt um það. Kennarar samþykktu að þessar tillögur væru tilraunarinnar virði en vildu samt færa það til bókar að kennarar yrðu að vara sig á því að lengja ekki prófin.

### **Sviðsfundur 5. janúar**

Sviðsstjóri ræðir um efnahagsástandið og að kennarar verði að sýna mikla aðgát í innkaupum og að fara ekki í neinar vettvangsferðir nema í samráði við stjórnendur. Einnig voru kennarar hvattir til þess að spara í ljósritun og nota ekki litaprentara.

Í framhaldi af fyrirlestrinum um nemendur sem þjást af ADHD (sem var um morguninn) þá vildu kennarar færa til bókar að vélar og tæki á sumum verknámsbrautum væru ekki hættulaus og ábyrgð kennarans væri mikil.

### **Sviðsfundur 6. febrúar**

Björn Sturlaugsson og Lárus Pálmason voru tilnefndir fulltrúar tæknisviðs í undirbúningsnefnd varðandi skipulagningu brauta samkvæmt nýju framhaldsskólalögunum.

### **Sviðsfundur 22. maí**

Fundurinn var færður heim til sviðsstjóra og hófst hann með því að kveikt var á kerti til minningar um nemanda okkar á húsasmíðabraut Kristján Fal Hlynsson, en hann lést í hörmulegu vinnuslysi þann 20. maí. Kennarar áttu samverustund og ræddu almennt um alvarlega atburði sem þessa.

### **Tækjakaup og gjafir á skólaárinu**

- Tölvustýrð plötusög fyrir húsasmíðabraut
- Tvær rafsuður fyrir vél- og málmsmíðabraut
- Leðursaumavél fyrir fata-og textílgreinar
- Prentari á listnámsbraut
- Leiroyfn fyrir verk- og listnám fenginn að gjöf frá Ingibjörgu Böðvarsdóttur kennara en ofninn var í eigu foreldra hennar.
- Tuttugu og fimm notaðar tölvur fengnar að gjöf frá KB banka, Hildur Skúladóttir kennari útvegaði.
- Nemendur og kennarar fengu bækur að gjöf frá Guðmundi Rúnari Lúðvíkssyni listamanni.

### **Vettvangsferðir**

Íris, Bragi, og Ingibjörg, kennarar á listnámsbraut, fóru til Reykjavíkur í menningarferð með nemendur. Þar heimsóttu þeir Listasafn Íslands, Kjarvalsstaði og Listasafn Reykjavíkur. Einnig fóru þeir á Listasafn Reykjanesbæjar í Duus húsum og Suð-suðvestur.

Leifur, kennari á húsasmíðabraut, fór með nemendur í nokkrar ferðir:

- Álver í Straumsvík.
- Viðbygging við grunnskólann í Sandgerði.

- Íþróttahús við Sunnubraut í Reykjanesbæ.
- Faxabraut 59 Reykjanesbæ (endurbætur á gömlu einbýlishúsi).
- Skólabygging FS skoðuð eða vinna við utanhúsklæðningu.

Viggó kennari á húsasmíðabraut fór með nemendur í nýja Samkaupshúsið í Reykjanesbæ.

Jónas kennari á málmsmíðabraut fór með nemendur á Grundartanga.

Svava og Ásdís í hársnyrtideild fóru með nemendur í heildsölur fyrir hárgreiðsluvörur.

Svava (hársnyrtibraut) og Katrín (fata-og textíl) fóru með nemendur í áfanganum TÁR 193 í heimsókn í verslunina Cabó þar sem nemendur fengu fræðslu um litasamsetningar og gjafainnpökkun. Einnig var farið í Svarta pakkhúsið sem er listagallerí og þar hittu nemendur tvo listamenn.

Kennarar gerðu sér far um að fara sem flestar vettvangsferðir í næsta nágrenni til þess að spara kostnað.

## Lokaorð

Kennarar á tæknisviði voru allir sammála um að það sé nauðsynlegt sem aldrei fyrr að vera vakandi yfir mætingum nemenda og að fá þá til þess að taka reglur skólans alvarlega varðandi umgengni, notkun tóbaks og þ.h. Kennarar lögðu ríka áherslu á að sökum ástandsins í þjóðfélaginu þá væri nauðsynlegt að hafa í huga að það getur verið hart í ári hjá nemendum okkar.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.

## Starfsbraut 1

### Starfsbraut 2

Á haustönn 2008 stunduðu 11 nemendur nám á aldrinum 16-21 ára. Kynjaskiptingin var þannig að það voru 2 stúlkur og 9 drengir/karlmenn með mismunandi fatlanir.

#### Kennarar á Starfsbraut 2 - haust 2008:

- Ásta Birna Ólafsdóttir = Lífsleikni, Íslensku, Stærðfræði, Starfsnám á vinnustað, Fjölmíðla og Ensku.
- Þórunn Svava Róbertsdóttir = Lífsleikni, Starfsnám á vinnustað, Íslensku, Stærðfræði og heimilisfræði.
- Ívar Valbergsson = VKN (verklegur áfangi)

- Ásta Katrín Helgadóttir = Íþróttir
- Hanna Vilhjálmsdóttir – Listir
- Gunnar Jónsson = Íþróttir
- Anna Albertsdóttir = Tölvur
- Lárus Pálmason = Netagerð
- Kolbrún Marelsdóttir = Tónlist

Stuðningsfulltrúar eða aðstoðarkennarar eins og við kjósum að kalla þær, voru Ásta Svanhvít Sindradóttir, Daniella Holm og Erna Magnúsdóttir.

#### Kennarar á starfsbraut 2 - vor 2009:

- Ásta Birna Ólafsdóttir = Lífsleikni, Íslensku, Stærðfræði, skipulögð vinnubrögð, Starfsnám á vinnustað.
- Ásta Katrín Helgadóttir = heilbrigðisfræði og íþróttir.
- Þórunn Svava Róbertsdóttir = Lífsleikni, Starfsnám á vinnustað, Íslensku, og heimilisfræði.
- Hanna Vilhjálmsdóttir = Listir
- Guðbrandur Stefánsson= Íþróttir
- Anna Albertsdóttir = Tölvur
- Lárus Pálmason = Stuttmynd

Aðstoðarkennarar voru Ásta Svanhvít Sindradóttir og Erna Magnúsdóttir. Daniella Holm var að hluta til inni á starfsbraut 2. Engin breyting var á nemendafjölda á vorönn.

#### **Umhverfi**

Á borði nemenda var mynd af þeim og undir henni voru almennar upplýsingar um nemandann, s.s. fullt nafn, heimilisfang, kennitala, símanúmer og póstnúmer. Markmiðið var að nemendur gætu skrifað þessar upplýsingar um sig. Á töflunni voru tákn og orðmyndir (í bordmaker forritinu) af kennslustundum dagsins settar upp í byrjun dags og síðan sáu nemendur og/eða kennarar um að taka niður hverja athöfn sem lokið var hverju sinni. Tilgangurinn með þessu var að hafa sjónrænt skipulag sýnilegt og gera nemendur meðvitaða um rétta athafnaröð og auðvelda þeim að átta sig á skóladeginum.

Á borði nemenda voru einnig stundatöflur þeirra, í haust settum við töfluna þeirra upp í bordmaker forritinu. Ástæðan fyrir því að við notuðum bordmaker myndir var sú að þetta forrit er mikið notað með einhverfum nemendum og er viðurkennt af mörgum fræðimönnum. Einn nemandi var upptekin af því að fylgja stundaskránni sem hann fékk á fyrsta skóladeginum, því hann vildi vera eins og „hinir nemendurnir í skólanum“. Út frá því fórum við að skoða færni nemenda á því að þekkja skammstafi og lesa á almennar stundatöflur. Það kom í ljós að flestir nemendur þekktu skammstafi fyrir námsgreinarnar, þ.e. vissu að ÍSL stæði fyrir íslensku og svo framvegis. Eftir áramót fengu allir nemendur

hefðbundnar stundatöflur á borð sín og er það liður í „inclusion“ og þeirri hugmyndafræði að vera ekki að víkja frá hinu almenna ef viðkomandi getur fylgt því.

Sumir nemendur voru með hjálparsetningar á borðum sínum, s.s. getur þú aðstoðað mig, mig vantar skriffæri og svo framvegis. Tilgangurinn með þessu var að efla frumkvæði nemenda á því að tjá sig. Frumkvæðisleysi eins og þetta er mjög þekkt hjá fólki á einhverfurófi og með því að hafa hjálparsetningar á borðum þeirra gætum við hugsanlega náð að virkja nemendur betur og efla frumkvæði þeirra í að leita sér aðstoðar ef þess þarf.

Kennslueldhús skólans var fjarlægð úr stofunni (221) og útibúin var kennslustofa í rými sem var frammi á gangi. Tilgangurinn var að skapaði meira rými í stofunni og auka aðgengi og rými fyrir hjólastóla og önnur hjálpatæki. Kennslueldhúsið var oft nýtt sem kennslurými fyrir minni hópa. Einnig var hugmynd um að loka „gamla eldhúsinu“ af með vegg og hurð í þeim tilgangi að skapa fleiri rými fyrir einstaklingskennslu og kennslu fyrir litla hópa. Það náðist ekki að gera það síðasta sumar og er vonandi að það takist í ár.

### **Kennsluhættir**

Við leggjum áherslur á að hafa námið einstaklingsmiðað og aðlaga námsumhverfið að nemandanum en ekki öfugt. Á haustönn voru tveir nemendur með sama íslensku námsefni og fornámsnemendur. Starfsbrautarnemendurnir fóru á sínum hraða og fóru yfir minna efni á önninni. Eftir áramót voru fjórir nemendur með þetta námsefni. Nemendur voru með námsefni sem tók mið af þeirra sérþörfum. Stundum var námsefnið það sama fyrir alla en nálgunin var misjöfn eftir hverjum nemenda fyrir sig. Kennsluaðferðir sem notaðar hafa verið á Starfsbraut 2 voru m.a. umræður og þá ræða nemendur gjarnan um afmarkað efni, skilgreina hugtök og koma með eigin reynslu og upplifun á efninu. Einnig unnum við oft hugmyndavef sem tekin er úr hugmyndafræði könnunaraðferðarinnar. Við notuðum hugmyndavefinn oft þegar við vorum að undirbúa gestaheimsóknir og skrifuðum þá gjarnan nafnið á gestinum upp á töflu og skráðum niður spurningar og vangaveltur sem nemendur komu með.

Nemendahópnum var oftast skipt í tvo til þrjá hópa. Tilgangurinn með því var að skapa rólegra vinnurými, vinna einstaklingsmiðaðra og skipta ábyrgðinni á kennara. Þetta kom mjög vel út. Nemendalega séð voru ákveðnir nemendur sem nutu sín betur í litlum nemendahópi og fyrir kennara var markvissara að aðlaga námsefni fyrir minni hóp og þá var einnig auðveldara að breyta og aðlaga eftir því sem hentaði hverjum og einum. Skiptingin var misjöfn eftir námsgreinum og einhvern tíma tók okkur að finna réttan stað fyrir hvern og einn.

Snertitaflan er mikið notuð í námi og kennslu. Félagshæfnisögur hafa verið notaðar fyrir alla nemendur, við höfum undirbúið nemendur undir breytingar með því að setja upplýsingarnar upp í form félagshæfnisagna. Það hefur komið mjög vel út og höfum við verið að þróa okkur áfram með útlit og form félagshæfnisagnanna, m.t.t. hvernig best sé að

hafa þetta fyrir framhaldsskólanemendur. Þetta eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum, bæði með texta og myndum. Félagshæfnisögur eru einskonar uppskriftir af því hvernig maður á að haga sér í ákveðnum aðstæðum, einnig skýrir þetta oft í hvað athafnaröð ákveðnir hlutir gerast, þ.e. fyrst... og síðan....

Við reyndum að nota þau tækifæri sem gáfust til að nota leikræna tjáningu sem kennsluaðferð og fengu þá nemendur tækifæri til að leika og/eða túlka viðfangsefnið. Vinna úti á vettvangi eins og t.d. í stærðfræði var nokkuð algeng í vetur en þá fóru nemendur út á vettvang og skráðu hjá sér vöruverð og fleira í þeim tilgangi að nota það í áframhaldandi verkefnavinnu.

Lögð er áhersla á að taka myndir af nemendum í námi og starfi. Myndirnar eru síðan notaðar til upprifjunar, umræðu, verkefnagerðar og/eða til þess að hafa þær sýnilegar uppi á veggjum í skólastofunni.

Við notum forritið „kidspiration“ þegar við vinnum hugmyndavefi. Þetta forrit hefur nýst okkur ótrúlega vel og eru nemendur áhugasamir og viljugir að nýta sér það í námi og starfi. Við lögðum mikla áherslu á að tengja námið við daglegt líf og undirbúa nemendur sem best fyrir þátttöku á vinnumarkaði og í lífinu almennt. Reynt var að hafa það í huga í öllum námsgreinum, s.s. stærðfræði, STV, íslensku og fleiri fögum.

### **Almennir áfangar**

Í haust stunduðu þrír nemendur nám í almennum áfanga í íþróttum. Á vorönn stunduðu tveir nemendur nám í almennum áfanga í dansi, einn í almennum áfanga í íþróttum og einn nemandi stundaði nám í almennum áfanga í ensku en lauk ekki þeim áfanga.

### **Einstaklingsnámskrár**

Einstaklingsnámskrár voru unnar fyrir alla nemendur. Á þessari önn gerðum við ákveðnar breytingar á kynningu á námskránum. Þær voru kynntar fyrir foreldrum nemenda sem voru yngri en 18 ára (nemendur eru ávallt velkomnir með). En þeir nemendur sem voru orðnir 18 ára og eldri hittu umsjónakennara sinn og fóru yfir námskrána með kennara. Þetta kom mjög vel út, þar sem nemendur fengu tækifæri til að koma með eigin óskir og hugmyndir um innihald námskrárinnar. Þeir voru hvattir til að spyrja og koma skoðunum sínum á framfæri. Ef nemendur voru sáttir við markmiðin og leiðirnar í námskránni staðfestu þeir það með undirskrift sinni í námskránni, einnig sem þeir þurftu að samþykkja það að námskráin mætti vera aðgengileg öllum starfsmönnum Starfsbrautarinnar, foreldrum þeirra eða þeim sem koma að málum þeirra. Þetta kom mjög vel út og skapaðist oft gott tækifæri til að útskýra og ræða um hugtök í námskránni. Umsjónakennari sér um einstaklingsnámskrárgerð fyrir sína umsjónanemendur, ásamt því að kynna hana fyrir nemendum og/eða foreldrum.

### **Ýmsar uppkomur**

Boðið var upp á tónlistaráfanga og kom það mjög vel út. Markmiðið með áfanganum var m.a. að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í söngvakeppni starfsbrauta. Einnig sem kynntar voru tónlistastefnur og almennar umræður um tónlist fóru fram. Síðan var haldin undankeppni hér í FS, þann 16. október. Átta atriði voru á dagskrá og 6 nemendur á starfsbraut 2 tók þátt í þeim. Atriðin voru miðuð út frá hverjum og einum og allir hvattir til að taka þátt. Kvöldið var vel heppnað og margir komu og horfðu á. Anna Sigríður hlaut fyrsta sætið í keppninni og því varð hún fulltrúi FS í söngvakeppni starfsbrauta sem haldin var á Akureyri 1. nóvember. Góð mæting var á þessa keppni en alls fóru 8 nemendur af starfsbraut 2. Kvöldið var ákaflega skemmtilegt og er það okkar markmið að virkja sem flesta til að koma með því kjörið tækifæri er til að vinna með félagslegar áherslur í ferðum sem þessum. Við fórum með rútu til Akureyrar á fimmtudagsmorgni og vorum komin þangað seinni partinn. Við fórum þá beint á keppnina, borðuðum kvöldmat og dönsuðum síðan fram að miðnætti. Eftir dansleikinn keyrðum við aftur heim og vorum komin í FS um kl. 06:00 um morguninn.

Opinn dagur var haldin einu sinni á vorönn og einu sinni á haustönn. Ágætis mæting var og gaman er að sjá hversu nemendur eru áhugasamir um þennan dag. Þeir eru duglegir að minna kennara á að skipuleggja daginn með þeim. Undirbúningur fór m.a. fram í lífsleiknitíma, þ.e. nemendur skoðuðu gamlar myndir af starfsbrautarnemendum, rifjuðu upp nöfn þeirra og fundu heimilisföng á heimasíðunni [www.ja.is](http://www.ja.is). Síðan var skrifað sameiginlegt bréf til allra sem var sent út í tíma.

Þriðjudaginn 16. desember voru „litlu jólin“ haldin á starfsbraut. Þar sem nemendur eru í framhaldsskóla var ákveðið að endurskoða nafnið á „litlu jólunum“. Eftir margar góðar hugmyndir var ákveðið að í framhaldsskóla væri viðeigandi að tala um „unglinga jóla“ í stað litlu jóla. Lögð var áhersla á að spjalla saman, hlusta á jólalög og eiga góða stund saman á aðventunni. Einnig var ákveðið að halda í hefðina og skiptast á litlum jólagjöfum, en hámarkskostnaður við þær eru 500 kr. Að mínu mati var þetta mjög vel heppnuð og skemmtileg stund.

Þemadagarnir voru haldnir í febrúar. Allir nemendur á starfsbraut 2 tóku þátt í námskeiðum víðsvegar um skólann. Við gáfum okkur góðan tíma til að fara yfir námskeiðin sem voru í boði og aðstoðuðum nemendur við að velja sér námskeið sem þeir höfðu áhuga á. Síðan var það okkar hlutverk að skipuleggja eftirfylgd með nemendum út í námskeiðin. Við útbjuggum einnig dagskrá fyrir nemendur og kennara, þ.e. með upplýsingum um hvaða námskeið hver og einn valdi, í hvaða stofu námskeiðið væri og klukkan hvað það væri. Dagskráin var síðan sett upp í formi „vísakorts“, þ.e. lítið spjald sem var plastað inn og nemendur gætu haft í veskinu hjá sér. Tilgangurinn með þessu var að veita stuðning en hafa hann samt sem minnst áberandi (miðað við nemendur í framhaldsskóla).

Kennarar og aðstoðarkennarar skiptu sér á nemendur og náðist að fylgja þeim nemendum eftir sem þurftu þess. Sumir kennarar gengu á milli stofa og kíktu á nemendur sem veitti mörgum þeirra öryggi og aðhald. Gaman er að segja frá því að á þemadögnum

uppgötvaðist mikill styrkleiki hjá einum nemanda á starfsbraut 2. Það var frekar tilviljunarkennt að þessi ákveðni nemandi var beðin um að taka myndir af því sem var að gerast í skólanum. Hann sýndi því ekki áhuga í fyrstu en fékkst svo til þess að taka með sér myndavélina niður í sal. Skemmt er frá því að segja að nemandinn fékk mikinn áhuga á myndatöku og síðan þá hefur hann búið til margar stuttmyndir í forritinu „movie maker“ með viðeigandi tónlist og fjölbreytni í stuttmyndagerð.

Sumir óhefðbundnir dagar eins og Þemadagarnir, reynast starfsbrautarnemendum oft erfiðir þar sem brugðið er út af hefðbundinni stundaskrá. Ávallt er reynt að koma til móts við nemendur varðandi þetta og reyna að fyrirbyggja vandamál sem hugsanlega geta komið upp. Sveigjanleiki og viðhorf starfsfólk hefur mikið með þetta að segja og teljum við okkur hafa náð að vinna einstaklingsmiðað og aðlaga að hverjum og einum sem er jú okkar hlutverk sem kennarar og aðstoðarkennarar.

Stuttmyndakeppnin var haldin í Flensborgarskóla í Hafnarfirði 2. apríl. FS tók þátt með stuttmyndina “The big game” sem nemendur í stuttmyndaáfangnum unnu. Ekki náði myndin á verðlaunapall en nemendur mega vera stoltir af framlagi sínu í stuttmyndakeppni þetta árið.

Fimmtudaginn 30. apríl fóru nemendur á starfsbraut 2 í vettvangsferð. Ferðinni var heitið í sveitarfélagið Garðinn. Byrjað var á því að heimsækja bæjarstjórnann í Garðinum sem er Oddný Harðardóttir. Nemendur voru búnir að undirbúa spurningar fyrir Oddnýju einnig sem þeir fengu kynningu á henni og hennar starfi. Næst fórum við heim til eins nemanda á starfsbrautinni. Þar var okkur boðið í kaffi og meðlæti, nemendur fóru á trampólín, hlustuðu á gítarspil, skoðuðu þriggja daga gamla kettlinga, hesta, kindur og nýfædd lömb. Næst stoppuðum við í Heiðarholti sem er skammtímavistun á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Eftir þá heimsókn voru nemendur orðnir svangir og þar sem enginn pizzustaður er í Garðinum var farið yfir í Sandgerði og fengið sér pizzu á Mamma mía. Í lokin var farið aftur í Garðinn á Byggðarsafnið þar.

Vorferð þessi heppnaðist mjög vel að mínu mati, ástæðan fyrir vali á sveitafélaginu Garðinum var sú að við höfum verið að kynna okkur nágrannasveitarfélögin og til að mynda fórum við til Grindavíkur síðasta vor og ætlum okkur að nýta vorferðir næstu ára í að kynna okkur nágrannasveitarfélögin á Suðurnesjum. Við höfum svo margt hér í nánasta umhverfi sem nemendur eru misvel meðvitaðir um og því teljum við þetta kjörið tækifæri til að tvinna saman nám og skemmtun. Útbúin var félagshæfnisaga fyrir nemendur í þeim tilgangi að undirbúa og upplýsa nemendur fyrir þennan óhefðbundna dag.

## **Liðveisla**

Milos Jugovic nemandi við FS aðstoðaði einn nemanda í hádegi eða í frímínútum 4 sinnum í viku. Markmiðið með liðveislu er “nemandi fyrir nemanda” þ.e. að fá nemendur í skólanum



til að aðstoða nemendur á starfsbraut. Einnig að styrkja félagslega stöðu nemenda á starfsbraut með því að fá tækifæri til að falla í hópinn með öðrum nemendum skólans.

### **Próf og próflausir áfangar**

Allir nemendur tóku lokapróf sem voru sniðin að hverjum og einum. Tveir nemendur fengu námsmat fyrir allar þær námsgreinar sem þeir voru í og er það liður í því að koma til móts við þarfir hvers og eins (þeir tóku einnig próf). Á haustönn tóku nemendur þrjú próf, í íslensku, ensku og stærðfræði. Prófin voru aðlöguð að hverjum og einum, nemendur byrjuðu alltaf í prófum kl. 08:15 og fylgdu skipulagi skólans, þ.e. þegar aðrir nemendur voru í íslenskuprófi tóku nemendur á starfsbraut einnig íslenskupróf og svo framvegis.

Á vorönn tóku nemendur tvö próf, í íslensku og ensku. Undanfarin ár hefur verið dregið úr prófum hjá nemendum á starfsbraut. Ætlunin er að endurmeta kosti og galla þess á næstu önn. Námsmat er eitthvað sem við erum sífellt að endurmeta. Að mínu mati á námsmatið að hafa mestu þýðinguna fyrir kennarar, þ.e. gefa vísbendingar um svör við spurningar eins og „kunna nemendur námsefnið sem verið var að leggja inn“?, „voru kennsluaðferðirnar að virka?“, „var verið að mæta nemandanum þar sem hann var staddur?“, „var nemandinn að bæta sig“ og „voru gerðar viðeigandi kröfur til nemandans?“. Að mínu mati er of lítið að hafa einungis tvö próf fyrir nemendur á prófdögum, ég myndi vilja endurskoða það á næstu önn.

Próflausir áfangar voru Starfsnám, Heilbrigðisfræði, Tölvur, Tónlist, Stuttmynd, Lífsleikni, Listir, Skipulögð vinnubrögð, Heimilisfræði og Íþróttir. Í flestu áföngum voru unnar samantektir í þeim tilgangi að hafa yfirsýn yfir það hvernig gekk og hvaða áherslur var unnið með hverju sinni. Kennarar taka saman áherslur í áfanganum, hvað var unnið með og síðan gera þeir einnig einstaklingsumsagnir og taka fram virkni, áhuga, færni og fleira hjá hverjum og einum. Hægt er að nálgast þessar samantektir í möppu á skrifborði fagstjóra.

### **Útskrift**

Engin nemandi útskrifaðist af starfsbraut 2 þetta skólaárið.

### **Námskeið**

Þórunn Svava Róbertsdóttir og Ásta Birna Ólafsdóttir fóru á framhaldsnámskeið í Teacch vinnubrögðum sem haldið var í Árósum í Danmörku 8.-12. sept. 2008. Þetta námskeið er fyrsta stigið í að verða viðurkenndur TEACCH þjálfari. Námskeiðið stóð yfir í 5 dagar frá kl. 8-16. Námskeiðið fór fram í formi fyrirlestra, sýnikennslu, að útbúa námsgögn, taka að sér kennslu, fylgja nemendum í hádegismat, umræðum og að halda kynningar. Allir þátttakendur fengu hlutverk á hverjum degi, s.s. kennari, tímavörður, kynni og fl. Teacch er þróað fyrir einhverfa en að okkar mati nýtist þetta öllum nemendum á starfsbraut, þetta er sjónrænt skipulag með og án mynda. Kennarar kynntu námskeiðið á kennarafundi haust 2008. Gengið hefur vel að nýta þessar aðferðir inn í starfið á starfsbraut 2 í vetur.

Erna Magnúsdóttir aðstoðarkennari fór á námskeið í CAT-kassanum 5. september 2008. Í CAT –kassanum eru aðferðir til að efla félagshæfni fólks. Markmiðið með notkun CAT-kassans er að styðja samræður við börn og ungmenni frá 6 ára aldri sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig beint um tilfinningar, hugsanir og upplifanir. Bæði foreldrar og fagfólk getur notað CAT-kassann á áhrifaríkan hátt í daglegum samræðum. Notkun CAT-kassans hvetur bæði börn og fullorðna til umhugsunar meðan samtalið á sér stað og lifandi útlit CAT-gagnanna virkar hvetjandi á samræðurnar. CAT-kassinn er upphaflega þróaður til að styðja samtöl við börn með raskanir á einhverfurófi. Reynslan hefur síðan leitt í ljós að nemendur með eðlilegan þroska sem eiga í ýmsum erfiðleikum geta einnig haft gagn af CAT-kassanum.

Þórunn Svava Róbertsdóttir sótti almennt kennslufræðinámskeið á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum 25. apríl 2009. Þar var m.a. farið yfir glærunotkun í kennslu. Forrit og tæki fyrir hljóðglærugetu og hvernig hægt er að búa til námsefni með því að setja inn hljóðskrár og fl.

Ásta Birna Ólafsdóttir, Erna Magnúsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir sóttu námskeið í FS hjá Ívari Valbergssyni. Áhersla var lögð á notkun og kennslu á laserinn. Við útbjuggum stafaspjöld sem við nýttum okkur í íslenskutímum. Margar hugmyndir kviknuðu á þessu námskeiði og eigum við eflaust eftir að nýta okkur laserinn í framtíðinni.

Ásta Birna Ólafsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir sóttu vöráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins 14.-15. maí 2009. Ráðstefnan var haldin undir yfirskriftinni „Fatlanir barna - Ný þekking - ný viðhorf“ og var sótt af fagfólki sem og notendum þjónustunnar sjálfra. Fróðlegt var að sjá aukna vitundarvakningu um þær áskoranir sem framundan eru, ekki síst í ljósi niðurskurðar í félags- og heilbrigðismálum ríkisins.

Þann 24. apríl 2009 fóru Ásta Birna Ólafsdóttir, Brynja Brynleifsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir í kynnisheimsókn í Holtaskóla og skoðuðu einhverfusérdeildina sem þar er.

## **Háskólanemendur**

Lilja Árnadóttir, nemandi í uppeldis- og menntunarfræði í Háskóla Íslands var í vettvangsnámi á starfsbraut 2 í 45 stundir á vorönn 2009. Leiðbeinandi hennar var Þórunn Svava Róbertsdóttir. Brynja Brynleifsdóttir, nemandi í þroskaþjálfarafræðum við Háskóla Íslands var í vettvangsnámi hjá okkur frá 16. mars – 7. maí 2009. Leiðbeinendur hennar voru Ásta Birna Ólafsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir.

Á skólaárinu komu namar í stuttar kynnisheimsóknir, s.s. 1. október kom Margrét Sigurvinsdóttir, nemandi í sérkennslufræðum. Í september komu fjórir namar í kennslufræði frá HÍ í stutta vettvangsheimsókn og fylgdust þær með kennslu hluta úr degi. Nýútskrifaður sérkennari heimsótti okkur líka og kennararnir úr HÍ, þær Björg og Kristín Lillendal.

## **Bæklingar**

Þórunn Svava Róbertsdóttir og Ásta Birna Ólafsdóttir unnu tvo bæklinga á þessu skólaári. Það var annars vegar „Kynningabæklingur um starfsbraut 2“ og hins vegar „Hugmyndafræði á starfsbraut 2“. Markmiðið með gerð þessa bæklinga er að móta skýra stefnu brautarinnar í orði jafnt sem á borði. Mikilvægt er að móta heildstæða stefnu starfsbrautarinnar í þeim tilgangi að samræma vinnubrögð og veita kennurum faglegar leiðbeiningar sem hægt er að styðjast við þegar verið er að undirbúa og endurmeta áherslur í starfi. Hægt er nálgast þessa bæklinga hjá fagstjóra og er ætlunin að afhenda nemum og öðrum gestum eintök af þeim þegar það á við.

## **Þróunarverkefni**

Undirrituð sótti um styrk í þróunarsjóð námsgagna í febrúar 2008 og í júlí fékk hún úthlutað 100.000 kr. styrk til að vinna námsefni í heimilisfræði fyrir nemendur á starfsbrautum. Haustið 2008 var ég komin með drög að heimilisfræðibók sem ég prufukeyrði fyrir nemendur á starfsbraut 2 þá um haustið. Ég skráði hjá mér þær breytingar og athugasemdir sem ég rakst á, á meðan á þessari vinnu stóð. Á vorönn 2009 kenndi ég fjórum hópum heimilisfræði og eftir að hafa gert smávægilegar breytingar á heimilisfræðibókinni notaði ég hana sem kennsluefni og á meðan á kennslu stóð, bætti ég jafnt og þétt inn í uppskriftirnar og skráði hjá mér þær breytingar sem ég vildi gera. Endanleg útkoma og greinargerð verður skilað inn í Menntamálaráðuneyti í júní 2009.

## **Kynning**

Útbúin var kynning um starfsbraut 2 á powerpoint formi, í þeim tilgangi að geta nýtt sér þegar áhugsamir aðilar um starfsbrautina koma í FS. Á þessum þremur árum sem undirrituð hefur kennt við FS hefur færst í aukana að fagfólk, foreldrar og námsmenn óski eftir því að koma í heimsókn og fá upplýsingar um starfið. Því er mikilvægt að eiga kynningu tilbúna til að geta nýtt sér í þeim aðstæðum, það kemur einnig í veg fyrir að eitthvað gleymist og frásögnin verður ekki tilviljunarkennd. Ætlunin er að endurskoða kynninguna árlega eftir nemenda- og kennarahópnum hverju sinni.

## **Starfsmannafræðsla**

Fagfundir voru haldnir að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði. Í byrjun annar var ákveðið að hafa fagfundi vikulega, en stundum gekk það ekki eftir og því urðu fagfundirnir ekki nógu reglulegir. Ætlunin er að hafa vikulega fundi á næstu önn sem verða settir inn í stundaskrá hjá þeim sem starfa á starfsbrautinni. Hugmynd er um að virkja aðstoðarkennara og aðra starfsmenn á næsta skólaári betur í að lesa fagtímarit og fræðibækur um fötlunarfræði. Ég hef hugsað mér að hafa a.m.k. einn fagfund í mánuði þar sem mismunandi lesefni er skipt á milli starfsmanna og síðan mun hver og einn kynna úrdrátt úr lesefninu eftir ákveðinn tíma. Tilgangurinn með þessu er að styrkja starfsfólk í starfi, virkja áhuga þeirra á því sem hefur verið skrifað um fötlunarfræði og stuðla að faglegri vinnubrögðum hjá öllum.

Við höfum verið áskrifandi af fagtímaritinu SEN (the journal for special education (Special Education Needs)) sem kemur út sex sinnum á ári. Í þessu blaði fær starfsfólk tækifæri til að fylgjast með því nýjast sem er að gerast í sérkennslufræðum ásamt því að fá upplýsingar um þau námskeið og fyrirlestra sem eru í boði í Bretlandi. Bækur eins og „Ráð handa reiðum krökkum – reiðistjórnnunarbók“, „Lærðu að hægja á og fylgjast með“ og „bókin um einhverfu – spurt og svarað“ eru dæmi um bækur sem kennarar hafa keypt sér í vetur og nýtt þær í námi og starfi með nemendum og til að efla og styrkja sína þekkingu á þessum sviðum. Skólinn fjárfesti í tveimur bókum um einhverfu, þ.e. „Thinking In Pictures“ og „The Way I See It: A Personal Look at Autism and Asperger's“ eftir Dr. Temple Grandin, sem er einn fyrsti einhverfi einstaklingurinn til að skýra frá fötlun sinni á prenti.

Flestir kennarar fóru á heimildarmyndina Sólskinsdregur í janúar 2009. Út frá þessari mynd hafa kennarar lesið bækur, greinar og vefsíður í þeim tilgangi að kynna sér kennsluáferðir sem koma fram í myndinni. Ásta Birna Ólafsdóttir hefur sótt um leyfi á næsta skólaári þar sem hún mun kynna sér R.P.M eða Rapid prompting method sem er aðferð sem gengur út á það að veita nemandanum fjölbreyttan fróðleik og að kenna honum í leiðinni að tjá sig. Hún mun halda til Bandaríkjanna ásamt syni sínum í þeim tilgangi að kynnast og raungera þessa hugmyndafræði.

### **Að lokum**

Veturinn hefur verið áhugasamur, miklar breytingar hafa átt sér stað og að mínu mati hafa nemendur tekið út mikinn þroska og færni á mörgum sviðum. Ég hef oft litið á mig sem nemanda, því nemendur á starfsbraut 2 hafa ekki síður kennt mér nýja sýn, ný viðhorf og að hugsa í lausnum en ekki í vandamálum eða hindrunum. Á starfsbraut 2 hefur verið unnið metnaðarfullt starf, kennarar hafa verið samtaka í að vinna einstaklingsmiðað og aðlaga námið og umhverfið að nemandanum en ekki öfugt. Þetta hefur verið krefjandi og skemmtilegur vetur.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, fagstjóri starfsbrautar 2, tók saman.

## **8. Skýrsla bókasafns**

### **Um safnið**

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m<sup>2</sup> húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók og er hægt að leita í kerfinu í gegnum vef skólans. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókaforður.

## Skólaárið 2008-2009

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30, föstudaga kl. 8:00-15:00 og á þriðjudögum kl. 19:00-21:00. Alls var safnið því opið 43 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt. Með flutningi á stoðtímum jókst notkun á safninu verulega í stoðtímum, sérstaklega var lessalurinn vel nýttur á þeim tímum. Minna var keypt til safnsins en undanfarin ár, af augljósum ástæðum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 20 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

## Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2008-2009	Safnkostur	Aðföng 2008-2009	
Bækur	225	16.550	Keypt	248
Myndefni	31	969	Aðsent	17
Hljóðefni	5	240	Gjafir	7
Hljóðbækur	5	83		
Margmiðlunardiskar	5	69	Kennslubækur	7
Annað	1	7		
<b>Samtals</b>	<b>272</b>	<b>17.898</b>		

## Aðföng - efnisflokkar

000 Almenn efni	2	500 Raunvísindi	9
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	10	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	17
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	36
300 Samfélagsfræðigreinar	53	800 Bókmenntir	117
400 Tungumál	7	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	20

Tímaritaáskriftir: 45

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

## Útlán

000 Almenn efni	8
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	90
200 Trúarbrögð	42
300 Samfélagsfræðigreinar	103
400 Tungumál	29
500 Raunvísindi	37
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	96
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	238
800 Bókmenntir	1.127
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	295
<b>Samtals</b>	<b>2.065</b>

Millisafnalán: 16  
Lán innan safns: 775

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.

## 9. Skýrsla námsráðgjafa

### Inngangur

Skólaárið 2008-2009 voru þrjár námsráðgjafar starfandi við skólann. Elín var í 100% stöðu sem námsráðgjafi fyrir áramót en í 50% stöðu eftir áramót, á móti var hún í 50% stöðu sem áfangastjóri. Sesselja var í 100% stöðu sem námsráðgjafi allt skólaárið. Sunna var í 50% stöðu sem námsráðgjafi og 50% umsjónarmaður almennrar brautar allt skólaárið. Nemendafjöldi á haustönn 2008 var u.þ.b. 1030 og um 1000 á vorönn 2009. Í kvöldskólanum voru u.þ.b. 150 nemendur á hvorri önn.

### Verkaskipting námsráðgjafa

Verkaskipting okkar breyttist skólaárið 2008-2009. Sunna hefur haft aðalumsjón með nemendum skólans sem eru á almennri braut. Á haustönn tók hún viðtal við alla nemendur fædda 1992, Sesselja aðstoðaði hana við þessi viðtöl. Sunna fylgdist með mætingu nemenda á almennri braut vikulega. Á vorönn völdu allir nemendur á almennri braut hjá Sunnu og Sesselju. Sunna vann við undirbúning nýnemadagsins s.l. haust og munu hún og Sesselja halda utan um og stýra þeirri vinnu og undirbúningi fyrir næsta haust.

Sesselja hefur verið með náms- og starfsfræðslu í lífsleiknihópunum á haustönn og kynningu á þjónustu námsráðgjafa á vorönn 2009, hún kynnti einnig þjónustu námsráðgjafa á starfsbraut. Sesselja fór með fyrirlestur um ferilmöppugerð í umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á báðum önnum.

Sesselja var einnig með sérstakan stuðningshóp fyrir stráka sem eru félagslega einangraðir. Þá hefur hún séð um prófkvíða-, sjálfstyrkingar- og námstækninámskeið innan skólans. Hún hefur einnig haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið.

Elín hefur haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika og haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar. Hún hefur haft umsjón með innritun í fornám og unnið með kennurum í fornámi. Elín fór inn í lífsleikni- og samhópa með námstækninámskeið. Hún var einnig með fyrirlestur um prófkvíða og prófundirbúning í fornámshópum og á hársnyrtibraut. Elín hefur séð um skipulag fyrir umsjónartíma og er umsjónarkennari nemenda eldri en 18 ára. Hún hefur setið andafundi og komið inn í ýmsa vinnu með stjórnendum.

Sunna hefur að mestu séð um kynningar í grunnskólum á svæðinu, Sesselja fór í nokkrar kynningar með Sunnu og fór síðan sjálf nokkrar kynningar. Sesselja og Sunna útbjuggu bækling um einelti og sáu um kynningu á því efni. Þær byrjuðu með WATCH eftir áramót sem er efni fyrir nemendur sem gætu verið í brottfallshættu. Þá voru þær með kynningu á starfsemi FS í tengslum við opnun Virkjun mannauðs á Suðurnesjum.

Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. heimsóknir grunnskólanema í FS og kynningar innan skólans. Hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almennum viðtölum, hvort sem þau eru tengd námi eða líðan, hafa allir námsráðgjafar sinnt. Allir námsráðgjafar hafa sótt fundi í Virkjun varðandi skipulag og starfsemi í Virkjun mannauðs á Suðurnesjum og hafa verið með ráðgjöf í Virkjun. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

## **Viðtöl**

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru á lausu. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að nemendur í kvöldskóla leiti til námsráðgjafa svo og fólk sem er að velta fyrir sér að hefja námi við skólann. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin svo og foreldrar nemenda okkar. Mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga þó ekki bókað viðtal. Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma og /eða tölvupósti.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlana og fer fjöldi þeirra nemenda vaxandi. Þó nokkur hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, pöntunar á hljóðsnældum, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

## **Námsstuðningur**

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar sjá um skráningu og panta hljóðsnældur fyrir þá nemendur sem fengið hafa lestrargreiningu. Nemendur sem námsráðgjafar hafa þegar skráð á Blindrabókasafnið geta einnig séð um sínar pantanir sjálfir og hafa námsráðgjafar hvatt þá til þess.

Undanfarin ár hafa gögn frá grunnskólunum varðandi lestrargreiningar og annað verið að skila sér inn til okkar fyrr og betur en áður. Þetta er afar mikilvægt svo að nemendur fái viðeigandi þjónustu sem fyrst. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum sem óskað hafa eftir greiningu hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á vorönn 2009 liggja fyrir 140 greiningar um dyslexíu hjá nemendum FS. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkra nemendur sem eiga við einhverskonar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu þar að lútandi. Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst í starfsdeild og fornámi. Þó er reynt að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum. Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar eftir því sem við á. Þetta er gert í upphafi anna. Alls 19 nemendur hafa skilað inn greiningum varðandi ADHD. Þetta er nokkur aukning frá því sem verið hefur. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér skipulag námsefnis og aðhald.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Námsráðgjafi hefur veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkvíðanámskeið í nóvember og annað í mars. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfsstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútum lengur í prófum. Einstaka nemendur hafa fengið að taka prófin í einrúmi og er þá reynt að finna aðstöðu fyrir hvern og einn. Námsráðgjafi heldur utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Nokkur undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið



vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem taldir eru þurfa á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi. Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við þjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Á þessu skólaári hafa 18 beiðnir verið sendar til sálfræðinga Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar en misjafnt er hversu mörg viðtöl einstaklingur þarf. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

### **Fornám**

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Elínar námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að aflokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi kemur einnig inn í vinnu varðandi náms- og starfsfræðslu með kennara í NÁV. Námsráðgjafi er með fræðslu fyrir nemendur í fornámi varðandi námstækni og próftöku. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar valið er að vori notar námsráðgjafinn tækifærið og ræðir við nemendur einstaklingslega um framtíðarsýn viðkomandi og hvert hann stefnir í námi. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

### **Starfsbraut**

Námsráðgjafar eru umsjónarmönnum starfsbrautar innan handar eftir þörfum s.s. varðandi val, samskipti við foreldra, samskipti við félagsmálastofnun, samskipti við Greiningastöðina og agamál svo eitthvað sé nefnt.

### **Foreldrasamstarf**

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra á samræmdum prófum. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans. Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað. Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum. Sérstakur fundur

hefur verið með foreldrum nemenda í fornámi að hausti og svo aftur í upphafi vorannar en þessir fundir féllu niður í vetur í breyttu skipulagi fornáms. Þessir fundir voru hugsaðir til kynningar og til að hvetja fólk til dáða. Í haust er stefnt að því að snúa aftur til baka varðandi skipulag fornámsins að einhverju leyti og verður þá vonandi settur kraftur í þetta starf að nýju.

Á vorönninni var boðað til fundar um stofnun foreldraráðs í FS en þátttaka var afar dræm. Stefnt er að stofnun foreldrafélags við skólann í haust sem mun vonandi ýta undir bætt og aukin samskipti milli skólans og heimila.

### **Námskeið og fagfundir**

Allir námsráðgjafar sóttu hin ýmsu námskeið og fundi á skólaárinu. Í september fóru allir námsráðgjafar á kynningu á WATCH í Kennaraháskóla Íslands. Í október fór Sunna á dag námsráðgjafa þar sem fjallað var um hvernig má tryggja gæði námsráðgjafar. Sesselja fór á námskeið í mati á raunfærni á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í febrúar. Gylfi Jón Gylfason yfirsálfræðingur Reykjanesbæjar hélt fyrirlestur um kvíða í Virkjun í mars, allir námsráðgjafar sóttu fyrirlesturinn. Í maí sótti Elín námskeið í handleiðslu nema í námsráðgjöf á vegum Námsráðgjafar Háskóla Íslands. Námsráðgjafar sóttu fyrirlesturinn Framhaldsskólinn og kreppan í fjarfundabúnað í Miðstöð Símenntunar og ráðstefnunni Rafrænt einelti á netinu fylgdust námsráðgjafar með á netinu hér í FS. Elín og Sesselja hafa einnig verið í meistaranámi í Náms- og starfsráðgjöf í HÍ.

### **Fundir innan FS**

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans og má þar nefna fyrirlestur um sorg og sorgarviðbrögð sem Skúli Ólafsson prestur hélt og fyrirlestur um áföll og streitu sem Kristín Blöndal hjúkrunarfræðingur var með.

### **Skólaheimsóknir**

Námsráðgjafar heimsóttu alla 10. bekkina á svæðinu á haustönn og kynntu inntökuskilyrði í framhaldsskóla, námsframboð skólans og svöruðu fyrirspurnum. Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS. Þar sem valfögum hefur fjölgað í grunnskólunum og vægi þeirra aukist þá er mikilvægt að gefa nemendum í 9. bekk færni á að kynnast Fjölbrautaskóla Suðurnesja áður en þeir taka ákvörðun um valáfanga fyrir 10. bekk. Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

### **Námskynningar**

Námsráðgjafar hafa verið í samstarfi við umsjónarmenn útskriftarhópsins. Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins og Lánasjóði Íslenskra Námsmanna (LÍN). Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á vorönn kom Sigurður Blöndal frá Atvinnulífsháskólanum í Esbjerg með kynningu fyrir útskriftarnemendur, auk þess fengu útskriftarnemendur kynningu frá Vinnumálastofnun og Alþjóðlegu ungmennaskiptum (AUS). Aðrir hópar hafa einnig fengið heimsóknir s.s. viðskiptagreinar og verknámsgreinar.

Á árinu höfum við einnig fengið kynningar á tækninámi í Danmörku sem hefur þá sérstaklega verið beint að verknámi.

### **Liðveisla**

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 og 202 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá Fjölskyldu- og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og Fjölskyldu- og félagsmáladeildir í nágrannasveitafélögum. Tímum sem félagsþjónustan ráðstafar í þetta hefur fækkað þannig að vægi áfangans hefur minnkað í samræmi við það.

### **Töflubreytingar og fleiri störf**

Í upphafi og lok anna aðstoðuðu námsráðgjafar við ýmis tilfallandi störf s.s. töflubreytingar, að slá inn val og breyta vali í lok anna og annað sem tilheyrir þessum álagstímum.

### **Aðrir samstarfsaðilar**

- Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands
- Blindrabókasafnið
- BUGL- Barna- og unglingsdeildin
- Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
- Greiningastöð Ríkisins
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Skólar á háskólastigi
- Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Vinnumálastofnun Suðurnesja
- Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Elín Rut Ólafsdóttir, Sesselja Bogadóttir og Sunna Gunnarsdóttir, námsráðgjafar, tóku saman.

## **10. Skýrsla fornámskennara**

Eftirtaldir kennarar hafa komið að kennslu í kjarnagreinum í fornámi skólaárið 2008-2009:

- Íslenska - Anna Taylor
- Enska - Axel Sigurbjörnsson
- Stærðfræði, haust - Gunnlaugur Sigurðsson, vor - Bergþór H Jónasson
- Lífsleikni - Kolbrún Marelsdóttir
- Upplýsingamennt - Þorbjörg Garðarsdóttir
- Ýmsir kennarar komu að kennslu valgreina

Námsfyrirkomulagi í fornámi var breytt mikið fyrir upphaf þessa skólaárs og nemendum gefinn kostur á að velja fjórar mismunandi línur þ.e. bóknámslínu, listnámslínu, verknámslínu og starfsnámslínu. Áherslur á hverri línu voru eins og nafn línunnar gefur til kynna en auk þess fóru nemendur í tvær almennar bóknámsgreinar, LKN og íþróttir. Við val á bóknámsgreinum var haft í huga að nemendur færu í sínar sterkustu greinar skv. einkunnum úr grunnskóla. Hugmyndin með þessum breytingum var að reyna að sporna við brottfalli með því að leyfa nemendum að velja meira eftir áhugasviðum í von um að það mundi glæða áhuga þeirra á náminu.

Í ljósi reynslu þessa vetrar þá völdu flestir verknámslínuna í upphafi en álíka margir voru á bóknáms- og listnámslínu. Þó nokkur hreyfing var á nemendum af listnámslínu yfir á verknámslínuna og einnig bar nokkuð á að nemendur á listnámslínu hefðu ekki áhuga á þeim listaáföngum sem voru kenndir á listnámslínu. Einungis tveir völdu starfsnámslínu og báðir færðu sig yfir á verknámslínu um áramót. Kennarar eru sammála um að gott utanumhald í bekkjum og samfelld stundaskrá sé meira virði en það að geta valið mikið.

Mætingar hjá stórum hópi nemenda voru slakar og vont fyrir fornámskennara að fylgjast með hópnum þar sem þeir kenndu sumir aðeins broti af honum. Segja má að fornámsfundir, sem haldnir eru vikulega, hafi ekki nýst eins vel og áður þar sem sumir þekktu aðeins hluta nemenda, eins og komið hefur fram, og oft ekki þann hóp sem var mest til umræðu á fornámsfundum. Kennarar voru sammála um að fornámsnemendur ráði mjög illa við eyður í stundatöflum, gleymi sér gjarnan og nýti ekki eyðurnar. Kostir við samfellda töflu eru einnig þeir að mun auðveldara er fyrir kennara að samþætta námsgreinar. Samþætting er kennsluaðferð sem hentar vel í fornámshópum. Sú aðferð býður upp á hagnýta notkun námsgreina þannig að nemendur sjá frekar tilgang með náminu. Þó kennarar telji kosti fornámsþekkinga fleiri en galla þá er fólk meðvitað um að stundum fannst krökkum eins og ákveðinn stimpill væri á fornáminu og þau skömmuðust sín fyrir að vera í fornámi. Þetta var auðvitað einstaklingsbundið og mismunandi eftir hópum, en má þó ekki líta fram hjá sem galla. Við verðum ekki vör við þetta nú, eftir að ólíkar námslínur voru teknar upp, en aftur á móti hafa nemendur enga samkennd sem þau höfðu áður í bekkjunum sem var oft á jákvæðum nótum. Í bekkjunum var auðvelt að eiga við einelti og stríðni, ef slíkt kom upp, því kennarar umgengust allan hópinn mikið.

Í fornáminu í vetur hafa blandast inn eldri fornámsnemendur, sem hafa flosnað upp úr námi áður. Flestir þessara nemenda náðu ekki að fóta sig nú í breyttu og opnara fornámi þó viðkomandi séu ári eldri. Þetta er nákvæmlega sama niðurstaða og hefur verið áður hjá

nemendum sem hætta í fornámi. Þó áherslur hafi breyst þá virðist skólaganga ekki henta fólki á þessum aldri þó sumir mennti sig eitthvað síðar á ævinni.

Hugmynd kom upp á síðasta fornámsfundi um hvort kalla mætti fornámið eitthvað annað sem væri jákvæðara í augum nemenda (alla vega ákveðins hóps) og ekki gildishlaðið. Þetta er auðvitað hluti af almennu brautinni eða AN2 og spurning hvort betra væri að kalla þetta Almenn braut eitt og Almenn braut tvö og venja sig þá af því að kalla hópinn fornámshóp.

Elín Rut Ólafsdóttir, námsráðgjafi, tók saman.

## 11. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Þetta er fimmta önnin sem FS býður upp á viðtalstíma hjá hjúkrunarfræðingi. Eins og áður voru það fjórir dagar vikunnar sem skiptist þannig að fyrstu þrjú daga vikunnar voru viðtalstímarnir í kringum hádegishlé en stoðtími nýttur á fimmtudögum. Voru þessir tímar valdir til að jafna aðgengi nemenda að þjónustunni. Einkenni á þessari önn er fyrst og fremst meiri nýting en áður og virðast nemendur og foreldrar vita betur af þessari þjónustu í skólanum en áður.

Aukning varð á heimsóknnum nemenda og var nánast undantekning ef enginn kom eða hafði samband. Var greinilegt að könnunin sem var gerð meðal nemenda um „aðra starfsmenn skólans en kennara“ önnina á undan skilaði sér. Samstarf við foreldra var einnig meira á þessari önn en áður hefur verið, bæði að foreldrar höfðu samband vegna heilsu barna sinna og að samband var haft við foreldra í tengslum við umsjónakennara. Fyrri reynsla af vorönn var rólegur tími hjá hjúkrunarfræðingi eftir páskafrí en í ár hafa nemendur verið að nýta sér að koma og tala um sín mál í rólegheitum, ekki síst af starfsbraut og úr fornámi.

Meira hefur verið um fræðslu á þessari önn en áður bæði í tengslum við tóbaksvarnarátakið og svo kynningu í LKN hópum. Samvinna var áfram við eldhús á önninni með það að markmiði að minna á manneldismarkmið og veita aðhald og gekk það mjög vel en féll þó niður eftir páskafrí.

Samtals hafa komur og fleira verið 164 sinnum og skiptast þannig:

- Drengir - 51 sinni, inni í þeirri tölu er fastagestur með mikla vanlíðan frá fyrri önn, hann kom 9 sinnum.
- Stúlkur – 70 sinnum.
- Kennarar - 15 sinnum.
- Fræðsla – 9 sinnum.
- Viðtöl – 5 sinnum.

- Annað – 14 sinnum.

Þetta er fyrir utan samvinnu með námsráðgjafa og forvarnarfulltrúa sem var verið að þróa.

Sólveig Björk Granz, hjúkrunarfræðingur, tók saman.

## 12. Skýrsla forvarnarfulltrúa

### Tóbaksvarnir

Haustið byrjaði með því að halda áfram með áttak vegna reykinga og munntóbaksnotkunar í og við skólann. Mitt hlutverk var að taka viðtöl við þá nemendur sem gerðust brotlegir. Ég sendi eyðublað á kennara sem þeir skiluðu útfylltu til mín ef þeir sáu nemendur reykja eða nota munntóbak. Ég fékk 168 tilkynningar og tók viðtöl við 90 nemendur og þar af þurftu 16 að fara til Sólveigar hjúkrunarfræðings. Nemendur tóku þessu mjög vel. Þetta áttak hefur tekist ótrúlega vel og er skólalóðin nokkurn veginn reyklaus. Það er umhugsunarvert af hverju það er svo mikil aukning á milli ára á tilkynningum eða um 108 fleiri tilkynningar þetta ár og flestar á vorönn. Við þurfum að byrja strax aftur næsta haust og þá með áherslu á munntóbak.

### Viðtalstími

Viðtalstími var 3x í viku í 50 mín. í senn fyrir áramót og 4x í viku eftir áramót. Viðtalstíminn var nokkuð vel nýttur, það komu u.þ.b. 95 nemendur í vitalsímann fyrir áramót og svipað eftir áramót en þó var meira um það eftir áramót að nemendur komu bara svona til að velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Umræðuefnið var margskonar t.d. áhyggjur af vímuefnanotkun, átröskun og skólaleiða, böllin, óánægja með skólareglur, áhyggjur af vanlíðan vegna þunglyndis, margir komu og voru að velta fyrir sér ástandinu í þjófálaginu og svo framvegis. Nokkuð var um það að foreldrar kæmu með nemendum í viðtal. Sumir komu bara til að spjalla um lífið og tilveruna. Mér finnst viðtalstímarnir skipta miklu máli, nemendur virðast vera að átta sig á því að ég er þarna og þau geta komið og spjallað. Það var mikil aukning í vetur á því að nemendur kæmu við og spjölluðu um framtíðina og greinilegt að margir nemendur kvíða framtíðinni og hafa áhyggjur af sumarvinnu.

### Forvarnarvika 22. – 26. september

- Forvarnardagur ungra ökumanna í 88- húsinu.
- Ragnheiður Davíðsdóttir kom og var með forvarnarfræðslu .

### Dansleikir

Ég vinn á öllum dansleikjum og uppákomum á vegum nemendaráðs. Aðgerðaráætlun er unnin fyrir hvert ball og skýrsla gerð eftir hvern dansleik.

Ég tel mikilvægt að endurskoða dansleiki fyrir næsta vetur með tilliti til skýrslna sem liggja fyrir. Í vetur hefur verið aukning á ölvun og slagsmálum þó sérstaklega eftir áramót, spurning hvort það sé tengt ástandinu í Þjóðfélaginu. Almenn ánægja hefur verið með skipulag og fyrirkomulag á þessum uppákomum og þá teljum við að aðgerðaráætlun skipti miklu máli. Skoða þarf hlutverk félagslífsfulltrúana frá sveitarfélögum í kring og hvort þeir eigi að koma að þessum skemmtunum eða ekki. Mjög gott samstarf hefur verið við lögreglu í vetur og hafa yfirleitt verið 4 - 5 lögreglumenn á svæðinu og hafa þér séð um skýrslutöku sem er mjög gott. Nemendaráð hefur verið frekar óskipulagt í vetur en mjög gott samstarf við þau og fínir krakkar. Húsnæðisvandi hefur háð okkur mikið í vetur.

### **Samráð, námskeið og fundir**

Ég vann að undirbúningi forvarnardags ungra ökumanna ásamt fleiri aðilum. Þessi dagur er ætlaður öllum nemendum sem eru á 1. ári í FS. Þá er ég er fulltrúi í stýrihóp Hoff-hópsins fyrir hönd forvarnarfulltrúa. Var ég skipuð í þennan hóp í maí og fer á fyrsta fund 25. maí.

Samtakahópur hittist á tveggja vikna fresti, við höfum fundað í FS og á fleiri stöðum í bænum. Fundir voru mjög reglulegir á haustönn, en á vorönn hafa fundir verið á þeim tímum sem ég er að kenna og hef því ekki geta mætt á þá alla. Fundarefni eru mörg og misjöfn, sjá má fundargerðir, starfsreglur og markmið hópsins hjá forvarnarfulltrúa.

Ég funda eftir þörfum með lögreglu, þó alltaf fyrir og eftir dansleiki. Hef þurft að fara og skoða myndir til að athuga hvort ég þekki andlit á myndunum. Sameiginlegir fundir forvarnarfulltrúar eru haldnir að hausti og vori og fór ég á þá báða. Þá fór ég á morgunverðarfund um forvarnir í skólum og áhrif kreppu á nemendur. Hélt ég síðan fund með öllum félagslífsfulltrúum á Suðurnesjum þar sem rætt var um skipulag og vinnuframlag þeirra á dansleikjum FS. Ég fór á fund hjá Reykjanesbæ vegna forvarnaráætlunar þeirra þar sem hún var kynnt. Ég er að vinna að því að finna hvar við komum að verkefni Reykjanesbæjar: Aðgerðaáætlun gegn fíkniefnum í Reykjanesbæ. Ég fundaði síðan með aðilum frá Lýðheilsustöð sem fóru yfir stöðu mála. Þeir kynntu sér það sem við eru að gera í forvörnum, s.s. heimasíðu skólans, mötuneyti og sögðu þessa hluti vera góða hjá okkur. Ákveðið var að hittast aftur þegar þeir hefðu betri tíma og skoða þessi mál betur. Þeir ætluðu að senda okkur spurningalista en hann hefur ekki borist enn. Ég sat fund í FS þar sem ákveðið var að hefja undirbúning að stofnun foreldrafélags. Þá hef ég unnið mikið með nemendafélaginu í vetur að skipulagningu uppákoma, ferða og dansleikja. Hef átt mikið og gott samstarf við þau.

### **Fyrirlestrar og ferðalög**

Ég hef verið með fyrirlestra um átraskanir í LKN. Á skólaárinu fór ég í tvö ferðlög á vegum skólans og NFS, fyrst á Morfís ræðukeppni til Egilsstaða með 80 nemendum í rútu. Ferðin gekk mjög vel. Síðan fór ég með nemendum í Háskólabíó á úrslitakeppni í Morfís ræðukeppni. Ferðin gekk mjög vel. Ég tel mikilvægt að endurskoða hvernig staðið er að

svona ferðum í framtíðinni. Mikilvægt að upplýsa foreldra ólögráða nemanda um þessar ferðir og hvernig þær fara fram og að foreldrar nemenda viti ferðatilhögun.

### **Viðtöl**

Ég er með viðtöl við nemendur og foreldra þeirra nemanda sem tekin eru ölvuð á dansleikjum. Einnig við foreldra sem hafa áhyggjur af börnum sínum varðandi vímuefnanotkun eða hafa áhyggjur af líðan barna sinna.

Þó nokkuð hefur verið um að nemendur og foreldrar hafi haft samband vegna þess að þau hafa áhyggjur af börnum sínum vegna átröskunar. Hef ég leiðbeint þeim en er ekki að veita meðferð. Ég hef hitt nemendur sem eru með átröskun, fjórum vísaði ég til sálfræðings. Hef ég hitt foreldra þessara stúlkna og verið í tölvusamskiptum við þá.

Ég kom að tveimur málum þar sem um einelti var að ræða. Vann þessi mál í samvinnu við námsrágjafa og leystust þau vel.

### **Nemendaverndarráð**

Nemendaverndarráð var stofnað við skólann á árinu og í því sitja forvarnarfulltrúi (Kolbrún), námsráðgjafi ( Elín) og hjúkrunarfræðingur ( Sólveig). Vinnureglur sem við ætlum að vinna eftir eru þessar:

- Nemendaverndarráð er starfrækt við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hlutverk þess er að stuðla að velferð nemenda hvort sem um er að ræða í námi eða félagslega.
- Starf nemendaverndarráðs byggir m.a. á 5. grein reglugerðar um nemendaverndarráð í grunnskólum þar segir: Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, getur skólameistari falið ákveðnum aðila/aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.
- Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs
- Málefni nemendaverndarráðs eru trúnaðarmál.
- Nemendaverndarráð fundar vikulega og heldur fundargerð og kynnis stjórnendum.
- Í nemendaverndarráð sitja námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og forvarnarfulltrúi. Nemendaverndarráð kallar til sín sérfræðinga, foreldra og aðra eftir þörfum.

### **Framtíðin**

Það sem ég hef áhuga á að vinna að í framtíðinni:



- Virkja nemendur þannig að við værum með forvarnarhóp sem í væru 15 – 20 nemendur. Þau vinna að forvörnum og skipuleggja forvarnardaga. Hugsanlega fengju þau 1 einingu fyrir.
- Leggja áherslu strax með haustinu á heilbriggt líf með því að vera með forvarnarviku fljótlega á haustönn.
- Fá kynningu frá Lýðheilsustöð um verkefnið „Heilsueflandi skólar“.
- Mikilvægt að strax á haustönn séu foreldrar upplýstir um það sem um er að vera á önninni og hvernig þessar upptakomur fari fram. Spurning hvort við ættum að senda bréf heim.
- Senda upplýsingar um allar upptakomur sem eru á vegum skólans heim með viku fyrirvara.

Kolbrún Marelsdóttir, forvarnarfulltrúi, tók saman.